

LANDSAMTÖK ÍSLENSKRA STÚDENTA
LÍS

ÁRSSKÝRSLA LÍS
2017 - 2018



EFNISYFIRLIT

1	ÁVARP FORMANNS	1
2	ALMENN STÖRF	3
2.1	Framkvæmdastjórn 2017-2018.....	3
2.1.1	Embætti innan framkvæmdastjórnar:	4
2.1.2	Fulltrúar aðildarféлага í framkvæmdastjórn Landssamtaka íslenskra stúdenta 2017-2018.....	4
2.1.3	Stjórnarskipti	7
2.2	Nefndir.....	7
2.3	Almennt fundahald	8
3	FULLTRÚAR Á VEGUM LÍS	9
3.1	Fulltrúar íslenskra stúdenta í nefndum, ráðum og sjóðum	9
4	SAMSTARF.....	10
4.1	Samstarf við mennta- og menningarmálaráðuneyti.....	10
4.1.1	Samningaviðræður	10
4.1.2	Samstarfsnefnd um fagháskóla.....	11
4.1.3	Fundur um framtíðarsýn háskólanna og endurskoðun á reiknilíkani háskólanna 12	
4.1.4	Skipun í áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema.....	13
4.1.5	Fundir með menntamálaráðherrum	14
4.1.6	Skipun í endurskoðunarhóp innan MRN um LÍN	15
4.1.7	EUROSTUDENT-könnun	16
4.2	Samstarf við Bandalag háskólamanna	17
4.2.1	Samningaviðræður	17
4.2.2	Skrifstofuhúsnæði og fundaraðstaða	18
4.2.3	Helstu samstarfsverkefni	18
4.2.4	Regluverk um starfsnám á háskólastigi.....	18

4.2.5	Námskeið: Að koma út á vinnumarkaðinn.....	19
4.2.6	Fræðslufundaröð LÍS og BHM	19
4.3	Samstarf við Samband íslenskra framhaldsskólanema.....	19
4.3.1	naestaskref.is	20
4.4	Stuðningur við aðildarfélög	20
4.4.1	Nemendur sviðslistadeildar LHÍ neita að greiða skólagjöld	20
5	VIÐBURÐIR LÍS.....	21
5.1	Fundir og málþing	21
5.1.1	Jafnréttisdagar: sjálfsprottin hagsmunagæsla.....	21
5.1.2	LÍN-þing.....	22
5.1.3	Fræðslufundaröð LÍS og BHM	22
5.2	Vinnuþing	23
5.2.1	Sumarþing	23
5.2.2	Nýársþing	24
5.3	Afmæli LÍS	25
5.4	Landsþing LÍS 2018	25
6	ALÞJÓÐAMÁL	27
6.1	Almennt	27
6.2	Alþjóðanefnd	29
6.2.1	Nefndarmeðlimir:	29
6.3	Fundir og ráðstefnur 2017-2018	29
6.3.1	NOM 71, Reykjavík, apríl 2017.....	29
6.3.2	Landsþing NUS-UK, Brighton, apríl 2017	30
6.3.3	BM 72 Malta, maí 2017	30
6.3.4	Sumarráðsstefna DSF, Danmörk, ágúst 2017	31
6.3.5	Evrópuráðstefna NSO, Brussel, september 2017	32
6.3.6	European Students' Convention 34, Cardiff, Wales, október 2017	33

6.3.7	NOKUT ráðstefna, Osló Noregi, október 2017	33
6.3.8	NOM 72, Klaipéda Litháen, október 2017.....	33
6.3.9	BM 73, Jerusalem Ísrael, desember 2017	33
6.3.10	Ráðstefna PSCF og DSF, Ramallah Palestína, desember 2017	34
6.3.11	European Students' Convention 35, mars 2018	34
6.3.12	NOM 73 Stockholm Svíþjóð, apríl 2018.....	34
7	GÆÐAMÁL.....	35
7.1	Almennt	35
7.2	Gæðanefnd.....	35
7.2.1	Nefndarmeðlimir	35
7.3	Gæðaráð.....	36
7.4	Ráðgjafarnefnd gæðaráðs	37
7.5	Stefna LÍS um eflingu gæða í háskólasamfélaginu	37
7.6	Leiðarvísir stúdenta um eflingu gæða í íslensku háskólasamfélagi	38
7.7	EQAF Riga Lettland, nóvember 2017	38
7.8	UNESCO REGIONAL CONFERENCE ON QUALITY ASSURANCE OF HIGHER EDUCATION, Swiss, febrúar 2018.....	39
7.9	Bologna Implementation Report og Bologna with student eyes	39
8	JAFNRÉTTISMÁL.....	41
8.1	Jafnréttisnefnd	41
8.1.1	Almennt.....	41
8.1.2	Nefndarmeðlimir	42
8.2	RÉTTINDA-RONJA	42
9	MARKAÐSMÁL.....	44
9.1	Markaðsnefnd	44
9.1.1	Almennt.....	44
9.1.2	Nefndarmeðlimir:	44

9.2	Kynningar á LÍS	45
9.2.1	Kynningarfundir með aðildarfélögum.....	45
9.2.2	Framadagar.....	45
9.2.3	Háskóladagurinn.....	46
9.3	Útgáfa	46
9.3.1	Kynningarherferð: Hver erum við?	46
9.3.2	Jólaþveðja LÍS 2017	47
9.4	Heimasíða og samfélagsmiðlar LÍS.....	48
9.4.1	Heimasíða.....	48
9.4.2	Fréttir.....	48
9.4.3	Facebook og twitter.....	49
9.5	Varningur.....	50
10	INNRA STARF.....	51
10.1	Laga- og verklagsbreytingar	51
10.1.1	Lagabreytingarnefnd.....	51
11	ÖNNUR VERKEFNI.....	53
11.1	Umsagnir, bréf og yfirlýsingar.....	53
11.1.1	Greinaskriftaáttak LÍS um undirfjármögnun háskólanna	53
11.1.2	Umsögn um þingsályktunartillögu um húsnæðisvanda LHÍ	53
11.1.3	Umsögn um vinnslutillögu Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) um Borgarlínu	54
11.1.4	Bréf BHM og LÍS um reglur um starfsnám á háskólastigi.....	54
11.1.5	Opið bréf til flokka í stjórnarmyndunarviðræðum	54
11.1.6	Yfirlýsingar á stjórnarfundum ESU vegna hýsingar 73. stjórnarfundar í Ísrael. 55	
11.1.7	Opið bréf til mennta- og menningarmálaráðherra	56
11.1.8	Nýárspistill formanns	56
11.1.9	Áherslur LÍS vegna breytinga á Lánasjóði íslenskra námsmanna.....	57

11.2	Herferð #kjóstumenntun	57
11.3	Samtal við stjórnmalaflokka	60
11.4	Páttaka í pallborðum og málþingum	61
12	FJÁRMÁL.....	62
12.1	Fjármálanefnd	62
12.1.1	Nefndarmeðlimir	62
12.2	Umsókn um styrk hjá Evrópu unga fólksins (EUF).....	62
13	Ársreikningur	64

1 ÁVARP FORMANNS



Ágæti lesandi.

Þá er fjórða starfsári LÍS senn að ljúka en það hefur einkennst af miklum metnaði og virkilega góðu samráði á milli stúdentafulltrúa allra aðildarféлага LÍS. Vexti samtakanna hefur stundum verið líkt við æviskeið manneskju, allt frá fósturstigi. Þá ferðaðist fyrsti formaður LÍS með hugmyndina að samtökunum í nokkra mánuði í maganum, 3. nóvember 2013 fæddust þau og síðan þá hafa þau tekið nokkra vaxtakippi. Ég myndi nú lýsa þeim sem unglingi sem liggur

mikið á að fullorðnast en svo hratt hafa samtökin vaxið - og eru svo sannarlega tilbúin í næsta vaxtarkipp.

LÍS beittu sér sem öflugt þrýstiafl í ár en það sem stendur helst upp úr eru áherslur vegna breytinga á Lánasjóði íslenskra námsmanna og átak stúdenta undir myllumerkinu #kjóstumenntun fyrir Alþingiskosningar árið 2017. Þær komu líklega flatt upp á flesta og því þurfti að hafa hraðar hendur. Það tókst með eindæmum vel þar sem ákveðnar áherslur voru settar á oddinn og afhentar stjórn málaflökkum, birtar voru greinar á hverjum degi í tæpar tvær vikur, opnir fundir með frambjóðendum voru haldnir og voru menntamál svo sannarlega meira rædd en í fyrri kosningum. Þá voru einnig skrifuð mörg bréf og greinar og mikið fundað með ráðherra og öðrum aðilum yfir starfsárið.

Á starfsárinu var starfrækt ötult alþjóðastarf en auk reglubundinna funda sem LÍS sækja á vegum European Students' Union var samtökunum boðið að kynna starfsemi sína á ýmsum alþjóðlegum fundum og ráðstefnum. Þá var unnin ný stefna LÍS um gæði í íslensku háskólasamfélagi út frá stefnumótunarvinnu sem átti sér stað á landsþingi árið 2017. Einnig var lögð lokahönd á leiðarvísi um eflingu gæðastarf sem er eins konar handbók fyrir þá stúdenta sem eru að taka sín fyrstu skref í gæðamálum. Mikið og gott samstarf var við Bandalag háskólamanna en LÍS fá afnot af skrifstofuaðstöðu samkvæmt samningi við BHM. Það er verðmætt fyrir LÍS að vera undir sama þaki og BHM enda margir samstarfsfletir. LÍS og BHM



héldu til að mynda fræðslufundaröð saman sem bar heitið „Og hvað svo?“ sem fjallaði um kjara- og réttindamál háskólamenntaðra á vinnumarkaði.

Yfirskrift landsþings LÍS í ár er „Jafnrétti til náms - Hvað er jafnt aðgengi að námi og hvernig tryggjum við það?“. Umræðurnar verða af margvíslegum toga en allar með það að markmiði að efla hagsmunabaráttu stúdenta en jafnframt að velta því upp hvernig við tryggjum jafnrétti til náms á Íslandi. Í kjölfarið verður stefnumótunarvinna þar sem allir þinggestir hafa færi á að koma ólíkum skoðunum og þekkingu áleiðis. Landsþing LÍS er einstakur vettvangur þar sem fulltrúar frá öllum stúdentafélögum háskólanema á Íslandi koma saman, deila reynslu og læra hver af öðrum.

Það er stórkostlegt að finna fyrir samstöðunni sem á það til að myndast á landsþingum og öðrum sameiginlegum vettvöngum sem LÍS mynda fyrir stúdenta og vona ég að hún eflist áfram á komandi árum. Það er magnað hvað við áorkum miklu þegar við stöndum saman í baráttunni fyrir bættum kjörum stúdenta, enda er sameinuð rödd stúdenta beittasti hnífurinn í skúffunni.

Það hefur verið sannkallaður heiður að starfa með jafn öflugum og fjölbreyttum hópi fólks þetta starfsárið.

Takk fyrir mig,

Aldís Mjöll Geirsdóttir, formaður LÍS 2017-2018.

2 ALMENN STÖRF

2.1 Framkvæmdastjórn 2017-2018

Ný framkvæmdastjórn tók við á skiptafundi þann 12. maí 2017. Þar kynntu fráfarandi fulltrúar starfið fyrir nýjum fulltrúum í framkvæmdastjórn en kvöddu það sömuleiðis. Á fyrsta framkvæmdastjórnarfundinum þann 7. júní 2017 var kosið í flestöll embætti innan framkvæmdastjórnar. Embætti urðu þó ekki fullskipuð fyrr en á framkvæmdastjórnarfundinum í janúar 2018 þegar framboð barst í ritara. Framkvæmdastjórn LÍŠ var ekki fullskipuð fulltrúum frá aðildarfélögum sem sjá má að neðan en voru sæti tveggja aðalmanna óskipuð og því fjórtán en ekki sextán aðalmenn talsins. Skipulag framkvæmdastjórnar samkvæmt núverandi lögum LÍŠ er þannig háttað að alþjóðaforseti og gæðastjóri taka sæti í framkvæmdastjórn en hafa þó ekki atkvæðisrétt. Að þeim meðtöldum auk formanns LÍŠ sátu sautján í framkvæmdastjórn LÍŠ 2017-2018.

Samtökin gerðu samning við menntamálaráðuneytið sem gerðu þeim kleift að ráða fyrsta launaða starfsmann LÍŠ í sögu samtakanna. Ákveðið var að formaður LÍŠ, Aldís Mjöll Geirsdóttir, yrði jafnframt starfsmaður.





2.1.1 Embætti innan framkvæmdastjórnar:

Formaður: Aldís Mjöll Geirsdóttir

Varaformaður: Eygló María Björnsdóttir (SFHR)

Alþjóðaforseti: Elsa María Guðlaugs Drífudóttir

Gæðastjóri: David Erik Mollberg

Ritari: María Rún Þrándardóttir (NLHÍ)

Fjármálastjóri: Eygló María Björnsdóttir (SFHR)

Fjáröflunarstjóri: Gauti Skúlason (SÍNE) (Teitur Erlingsson (NFHB) tók að sér störf í fjarveru Gauta Skúlasonar)

Jafnréttisfulltrúi: Ágústa Björg Kettler Kristjánsdóttir (SHÍ)

Viðburðastjóri: Kristín Sólveig Kormáksdóttir (SFHR)

Markaðsstjóri: Kristín Sólveig Kormáksdóttir (SFHR)

2.1.2 Fulltrúar aðildarféлага í framkvæmdastjórn Landssamtaka íslenskra stúdenta 2017-2018

Stúdentafélag Háskólans á Akureyri (SHA)

Aðalmenn:

Lísa Margrét Rúnarsdóttir

Sólveig María Árnadóttir

Varamenn:

Sigurbjörg Arna Stefánsdóttir

Björn Auðunn Ólafsson

Nemendafélag Háskólans á Bifröst (NFHB)



Aðalmenn:

Guðrún Marsibil Heimisdóttir

Teitur Erlingsdóttir

Varamenn:

Þórarinn Halldór Óðinsson

Íris Dögg Vignisdóttir

Nemendafélag Landbúnaðarháskóla Íslands (NLBHÍ)

Aðalmenn:

Styrmir Níelsson

Salóme Rósa Þorkelsdóttir

Varamenn:

Lára Ingimundardóttir

Óskipað

Nemendaráð Listaháskóla Íslands (NLHÍ)

Aðalmenn:

María Rún Þrándardóttir

Heiðdís Hanna Sigurðardóttir

Varamenn:

Óskipað

Óskipað

Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík (SFHR)

Aðalmenn:

Eygló María Björnsdóttir

Kristín Sólveig Kormáksdóttir

Varamenn:

Íris Björk Snorradóttir

Salka Sigurðardóttir

Stúdentafélag Hólaskóla (SH)

Aðalmenn:

Brynjar Darri Sigurðsson Kjerúlf

Óskipað

Varamenn:

Fríða Hansen

Óskipað

Stúdentaráð Háskóla Íslands

(SHÍ)

Aðalmenn:

Ágústa Björg Kettler Kristjánsdóttir

Kristrún Helga Jóhannsdóttir

Varamenn:

Sandra Silfá Ragnarsdóttir

Karítas Sigvaldadóttir



Samband íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE)

Aðalmenn:

Gauti Skúlason

Óskipað

Varamenn:

Kolbrún Þorfinnsdóttir

Jóhann Gunnar Þórarinsson

2.1.3 Stjórnarskipti

- Þórður Jóhannsson, fulltrúi SÍNE í framkvæmdastjórn til 2018 sendi inn afsögn þann 6. júní 2017.
- Ísfold Líf Ágústsdóttir, fulltrúi NLBHÍ í framkvæmdastjórn til 2019 sendi inn afsögn þann 23. ágúst 2017.
- María Rún Þrándardóttir tók við sem fulltrúi NLHÍ í framkvæmdastjórn þann 23. ágúst 2017.
- Styrmir Níelsson tók við sem fulltrúi NLBHÍ í framkvæmdastjórn þann 21. september 2017.
- Salóme Rósa Þorkelsdóttir tók við sem fulltrúi NLBHÍ í framkvæmdastjórn þann 21. september 2017.

2.2 Nefndir

Lögbundnar nefndir LÍS eru sjö talsins en þær eru alþjóðanefnd, fjármálanefnd, gæðanefnd, jafnréttisnefnd, lagabreytinganefnd, markaðsnefnd og viðburðanefnd. Þá er LÍS einnig heimilt samkvæmt lögum sínum að setja á fót aðrar undirnefndir.



Nefndir LÍS 2017-2018

Opið er fyrir umsóknir í nefndir LÍS frá 12. september til miðnættis 18. september.

Nánari upplýsingar um nefndirnar má finna [hér](#).

SÆKJA UM HÉR



Í september 2017 var auglýst eftir meðlimum í nefndir LÍS og bárust umsóknir í allar nefndir en alls sóttu 26 einstaklingar um. Aldrei hafa jafnmargir sótt um og er þetta í fyrsta skipti sem allar nefndir eru starfræktar. Sótt var um í gegnum umsóknarform á heimasíðu samtakanna sem tókst virkilega vel til. Hver formaður nefndar fór yfir þær umsóknir sem bárust í þeirra nefnd. Í framhaldi tóku formenn viðtöl og völdu inn í nefndina. Auk þeirra sem sóttu um stöðu í nefndum voru nefndir kynntar fyrir framkvæmdastjórn á fundi þann 7. júní 2017 og því einnig meðlimir í framkvæmdastjórn sem tóku sæti í nefndunum. Nánar verður fjallað um hverja nefnd að neðan.

2.3 Almennt fundahald

Framkvæmdastjórn LÍS skal funda einu sinni í mánuði samkvæmt lögum samtakanna. Á síðasta landsþingi var viðbót við lagagrein er kveður á um framkvæmdastjórnarfundir samþykkt um lögmæti atkvæðagreiðslu. Samkvæmt núverandi lögum LÍS er atkvæðagreiðsla á fundi því lögmæt séu $\frac{2}{3}$ fulltrúa í framkvæmdastjórn viðstaddir.

Í lögum LÍS er einnig kveðið á um að fundir framkvæmdastjórnar skulu boðaðir með minnst viku fyrirvara. Samþykkt var í upphafi starfsárs að fullnægjandi boðun væri með tölvupósti frá formanni. Til þessa hafa fundir framkvæmdastjórnar verið ellefu talsins. Fundargerðir þeirra eru að finna í viðhengi. Gera má ráð fyrir að haldnir verði tveir fundir eftir landsþing auk skiptafundi. Allir fundir hafa farið fram í húsnæði BHM að frátöldum auka fundi í febrúar sem var rafrænn en á þeim fundi var kosið um áherslur LÍS vegna breytinga á Lánasjóði íslenskra námsmanna og rafrænum fundi fyrir Landsþing þar sem kosið var um nýtt verklag LÍS og stefnu í gæðamálum.

Í viðhengi: Fundargerðir framkvæmdastjórnar.

3 FULLTRÚAR Á VEGUM LÍS

3.1 Fulltrúar íslenskra stúdenta í nefndum, ráðum og sjóðum

- Nýsköpunarsjóður námsmanna. Aðalfulltrúi: Yrsa Úlfarsdóttir. Varamaður: Einar Gunnarsson. Skipunartímabil: 2017-2020.
- Ráðgjafarnefnd Gæðaráðs íslenskra háskóla. Tveir aðalfulltrúar: David Erik Mollberg og Aldís Mjöll Geirsdóttir. Skipunartímabil: 2017 til 2020.
- Higher education reform. Tveir Bologna sérfræðingar: Erna Sigurðardóttir og Guðrún Baldvinsdóttir. Skipunartímabil: 2016 til 2018.
- Gæðaráð íslenskra háskóla. Áheyrnarfulltrúi LÍS: Erna Sigurðardóttir. Skipunartímabil: 2017-2019.
- Gæðaráð íslenskra háskóla. Aðalfulltrúi: Robert Henthorn. Skipunartímabil: 2017 til 2019.
- Samstarfsráð um fagháskólanám. Aðalfulltrúi: David Erik Mollberg. Varamaður: Sunna Mjöll Sverrisdóttir. Skipunartímabil: 2017 - 2021.
- Áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema. Aðalfulltrúi: Daníel Isebarn Ágústsson. Varamaður: Erna Kristín Blöndal. Skipunartímabil: 2018 til 2020.
- Starfshópur í mennta- og menningarmálaráðuneyti sem endurskoðar lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Tveir aðalfulltrúar: Aldís Mjöll Geirsdóttir og Ragnar Auðun Árnason.

4 SAMSTARF

4.1 Samstarf við mennta- og menningarmálaráðuneyti

4.1.1 Samningaviðræður

Á síðasta starfsári hélt framkvæmdastjórn áfram með umsóknarferli ársins þar áður um þjónustusamning en send var inn uppfærð umsókn. Ráðuneytið veitti samtökunum styrk upp á tvær milljónir fyrir starfsárið 2016-2017 með loforði um frekari samningaviðræður í upphafi árs 2017. Samningaviðræðum miðaði aðeins áfram en á þessu starfsári fór Aldís Mjöll Geirsdóttir, formaður á nokkra fundi með Þórarni V. Sólmundarsyni, sérfræðingi í ráðuneytinu sem hélt utan um þessi mál.

Viðræðunum lauk loks þann 19. september 2017 þegar Aldís Mjöll Geirsdóttir og David Erik Mollberg, gæðastjóri héldu á fund með Kristjáni Þór Júlíussyni, þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra en ritað var undir fyrsta þjónustusamning samtakanna við ráðuneytið. Framlag ríkisins til sammingsins voru 5 milljónir króna fyrir starfsemi samtakanna árið 2017-2018. Er um ræða ákveðna innspýtingu í fjármögnun samtakanna sem gerði það að verkum að mögulegt var í fyrsta skipti að greiða laun eins og áður hefur komið fram.



Þó er ljóst af þessu starfsári að til að halda uppi starfsemi samtakanna eins og hún er nú og ef til vill til að auka hana enn meir þarf aukið fjármagn. Á skrifstofu samtakanna er þarft að þar séu fleiri en eitt tæpt stöðugildi. Einnig væri ákjósanlegt að fjármagn vegna árlegs landsþings samtakanna yrði tryggt með þessum fjárframlögum enda er það æðsta ákvörðunarvald samtakanna og stærsti vettvangur hagsmunafélaga stúdenta á Íslandi. Eins og staðan er nú reiða samtökin sig einungis á styrki til að greiða kostnað landsþings. Slíkt býður upp á ákveðinn óstöðugleika sem mikilvægt er að reyna koma í veg fyrir í ljósi mikilvægis þess að landsþing sé haldið árlega.

Samkvæmt Þórarni, við samningaviðræður, skyldu samtökin og ráðuneytið hefja samningaviðræður á ný þegar síðasta innborgun ætti sér stað þann 1. febrúar 2018. Búið er að skila inn greinargerð og fjárhagsuppgjöri en þó hafa ekki borist svör frá ráðuneyti. Er það einlæg von okkar að því verði samt sem áður fylgt eftir sem fyrst enda reiða samtökin sig á þessi fjárframlög til að halda uppi starfsemi sinni.



Í viðhengi: Samningur milli LÍS og MRN

4.1.2 Samstarfsnefnd um fagháskóla


LÍS á einn fulltrúa í samstarfsnefnd um fagháskóla. Nefndin samanstendur af fulltrúum háskólanna, ráðuneytis, atvinnulífs, framhaldskólanemenda og stúdenta. Nefndin er framhald

af nefnd sem starfaði sumarið 2016 að gerð skýrslu um stofnun fagháskólastigs á Íslandi. Nefndin fundaði einu sinni á starfsárinu og mætti varamaður LÍS, Aldís Mjöll Geirsdóttir, á þann fund. Það var nokkuð tekist á á þeim fundi þar sem ekki er almenn sátt um framvindu verkefna nefndarinnar. Nokkrir skólar hafa fengið fjármögnun úr sjóði, sem stofnaður var í lok árs 2016, til þess að þróa námsbrautir á fagháskólastigi. Þróunartímabilið kemur til með að standa í tvö ár og að því loknu verður árangur þess metinn.

4.1.3 Fundur um framtíðarsýn háskólanna og endurskoðun á reiknilíkani háskólanna

LÍS var boðið af mennta- og menningarmálaráðuneyti á fund um framtíð háskóla, fjármálaáætlun og endurskoðun á reiknilíkani háskóla í janúar 2018. Aldís Mjöll Geirsdóttir og David Erik Mollberg, voru fulltrúar stúdenta á fundinum en annars voru viðstaddir rektorar og aðrir fulltrúar háskólanna auk ráðuneytisstjóra og sérfræðinga.

Fengu allir fundargestir kynningu á þeirri vinnu sem hefur átt sér stað í ráðuneytinu hvað varðar endurskoðun á reiknilíkani háskólanna. Þá hafa fulltrúar frá ráðuneytinu heimsótt Norðurlöndin og kynnt sér hvernig þessum málum er hagað þar. Þá stendur yfir eða hefur staðið yfir svipuð endurskoðun þar og hér á landi. Fundargestir fengu því kynningu á reiknilíkunum sem eru notuð á Norðurlöndunum en þar innihalda reiknilíkön fleiri breytur en það líkan sem notað er á Íslandi.



Þá voru í framhaldi umræður á formi hugarflugs um framtíðarsýn háskólanna og almennar umræður um endurskoðun reiknilíkansins.



Fulltrúar LÍŠ töluðu um mikilvægi þess að hér á landi sé mörkuð heildstæð menntastefna enda erfitt að ákvarða breytur í reiknilíkan án þess að skýr stefna og markmið liggi fyrir. Hlutverk reiknilíkana er meðal annars að þjóna þeim tilgangi og koma stefnu eða markmiðum í framkvæmd. Þá brýndu fulltrúar LÍŠ einnig fyrir fundargestum að greinargóðar upplýsingar um stúdenta og hag þeirra væru grunnfarsenda þess að slík menntastefna yrði mótuð og nýjar breytur í endurskoðað reiknilíkan ákvarðaðar.

Í viðhengi: Dagskrá fundar og fundargögn

4.1.4 Skipun í áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema

LÍŠ hefur undanfarinn ár skipað fulltrúa í áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema og var ákveðið að auglýsa það vel í ár. Við gerð auglýsingarinnar var ráðfært við lögmann BHM en hann aðstoðaði við skrif texta auglýsingarinnar. LÍŠ bar að tilnefna tvo einstaklinga af tveimum kynjum til ráðuneytisins.

Nefndin starfar samkvæmt 20. gr. laga um háskóla nr. 63/2006 og reglum nr. 1152/2006. Hún fjallar um kærur og kvartanir stúdenta í háskólum á hendur skólunum vegna málsmeðferðar og/eða ákvarðana um þeirra mál.

Umsækjendur þurftu að uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara sbr. 29. gr. laga nr. 50/2016. En einnig voru eftirfarandi atriði tekin fram í hæfnisskilyrðum:

- Þekking á og reynsla af opinberri stjórnsýslu.
- Gott vald á íslenskri tungu.
- Skipulögð, sjálfstæð og vönduð vinnubrögð.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.

Auk þess kom fram að æskilegt væri að umækjandi hefði:

- Reynsla af störfum kær- og/eða úrskurðarnefnda.
- Þekkingu á lagaumhverfi háskóla.
- Reynsla af og/eða áhuga á hagsmunabaráttu stúdenta

Umsækjendur voru alls þrettán talsins og var valið með því að fylla út hæfnismat sem sniðið var að auglýstum menntunar- og hæfniskröfum.

LÍS tilnefndu Daníel Isebarn Ágústsson, kt. 071180-3609, og Ernu Kristínu Blöndal, kt. 290484-2279.

Í viðhengi: Hæfnismat er notað var við skipun í áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema.

4.1.5 Fundir með menntamálaráðherrum

Fulltrúar LÍS héldu á fund með Kristjáni Þóri Júlíussyni, þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra þann 19. september 2017 þar sem þeir ítrekuðu vilja stúdenta um tvo fulltrúa þeirra í endurskoðunarhóp um lög LÍN sem þá var í myndun. Í lok fundar var ritað undir fyrsta þjónustusamning milli LÍS og ráðuneytis.

Þegar ríkisstjórnarviðræður voru enn í gangi og skrif á stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar óskaði Lilja Dögg Alfreðsdóttir, þá ekki orðin mennta- og menningarmálaráðherra, eftir fundi í kjölfar bréfa sem formaður LÍS hafði sent henni um áherslur stúdenta í aðdraganda Alþingiskosninga 2017. Á fundinum voru áherslurnar ítarlega ræddar en einnig var talað um mikilvægi þess að mörkuð yrði heildstæð menntastefna byggð á greinargóðum tölfræðiupplýsingum en skortur er á hvoru tveggja hér á landi. Þá báðu fulltrúar um að fjallað yrði um málefni stúdenta í nýjum stjórnarsáttmála.

Þann 16. febrúar 2018 óskaði Lilja Dögg Alfreðsdóttir, þá orðin mennta- og menningarmálaráðherra, eftir óformlegum fundi sem átti að vera til eftirfylgni frá fundinum þegar ríkisstjórnarviðræður voru enn í gangi. Var þetta skömmu eftir að LÍS birtu áherslur um endurskoðun á LÍN. Á fundinum voru allar áherslurnar ræddar skilmerkilega.





18. desember 2017 sendi formaður LÍS mennta- og menningarmálaráðherra opið bréf þar sem fram kom að fulltrúar LÍS væru ávallt reiðubúnir að ræða málefni stúdenta óskaði ráðherra þess. Í kjölfar bréfsins hafði aðstoðarmaður ráðherra samband við formann LÍS en hann greindi frá því að ráðherra hefði áhuga að hitta fulltrúa LÍS í upphafi nýs árs.

Bókaður var formlegur fundur þann 28. febrúar 2018 sem ráðherra, ráðuneytisstjóri, sérfræðingar, lögfræðingur úr ráðuneytinu og nýr formaður stjórnar LÍN sátu. Sent var erindisbréf fyrir fundinn þar sem enn á ný var ítrekuð þörfin fyrir heildstæðri menntastefnu og tölfræðiupplýsingum, ljósi varpað á sýn LÍS varðandi endurskoðun á reiknilíkani háskólanna og fjallað um jafnt aðgengi að námi með félagslega vídd að leiðarljósi. Á fundinum voru einnig lauslega ræddar niðurstöður EUROSTUDENT könnunar og samstarf LÍS og ráðuneytis við að kynna þær eftir páska. Þá lýsti ráðherra því yfir að þjónustusamningur milli LÍS og ráðuneytis væri mikilvægur þar sem samstarfið væri verðmætt en enn á eftir að semja fyrir næstu starfsár. Fulltrúar LÍS gengu virkilega sáttir fundi.

Í viðhengi: Erindisbréf fyrir fund 28. febrúar 2018

4.1.6 Skipun í endurskoðunarhóp innan MRN um LÍN

Þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra, Kristján Þór Júlíusson, hafði gefið vilyrði fyrir tveimur fulltrúum stúdenta í endurskoðunarhóp um lög LÍN en það lá fyrir að ráðist yrði í slíka endurskoðun sem fyrst.

Óskuðu LÍS eftir tilnefningum fyrir skipun í endurskoðunarhópinn frá aðildarfélögum. Tillaga barst frá SHÍ en það tilnefndi Aldísi Mjöll Geirsdóttur, formann LÍS og Ragnar Auðun Árnason, lánasjóðsfulltrúa SHÍ til að sitja fyrir hönd stúdenta í hópnum. Tillagan var tekin fyrir á fundi með stjórnnum aðildarfélagana þar sem hún var samþykkt.

Þegar ný ríkisstjórn tók við í desember 2017 héldu stúdentar sömu kröfu uppi um tvö sæti í endurskoðunarhópnum. Var það staðfest af Lilju Dögg Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra á fundi þann 16. febrúar 2018.

Þegar þessi orð eru rituð bíða fulltrúar enn eftir formlegri skipun í hópinn en þó bárust fregnir 21. mars 2018 að verið væri að ganga frá skipun í hópinn.



Með áherslur LÍS varðandi endurskoðun á lögum um LÍN eru fulltrúar stúdenta tilbúnir að hefja störf þegar þess er óskað af hálfu mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Í viðhengi: Tillaga SHÍ að skipun í endurskoðunarhóp um lög LÍN

4.1.7 EUROSTUDENT-könnun

Árið 2016 tóku fulltrúar LÍS, Aldís Mjöll Geirsdóttir og David Erik Mollberg, þátt í starfshópi innan ráðuneytisins sem vann að framkvæmd EUROSTUDENT könnunarinnar. Það fólst í sér að aðlaga spurningalistann að íslensku umhverfi og stúdentahópnum, kynningu og dreifingu á könnuninni meðal stúdenta. Í þeim löndum sem könnunin hefur verið lögð fyrir hafa niðurstöðurnar meðal annars verið notaðar til að:

- Bæta fjárhagsstöðu nemenda með því að umbreyta fyrirkomulagi við lána- og styrkveitingar.
- Fjölga valmöguleikum háskólanema í húsnæðismálum.
- Bera saman hagi og lífsskilyrði háskólanema milli landa.
- Móta framtíðarstefnu um aðstæður og hag nemenda.

Þann 6. mars 2018 voru niðurstöðurnar loksins gerðar opinberar. Ísland var í fyrsta skipti þátttakandi í þessari könnun og er gríðarlega mikilvægt að slíkar upplýsingar liggi loks fyrir. Tölfræði sem þessi um stúdentahópinn er forsenda þess að hér á landi sé hægt að marka stefnur og ákveða markmið er varða menntamál á Íslandi nú og til framtíðar. Frá stofnun samtakanna hefur verið lögð gríðarleg áhersla á söfnun og birtingu upplýsinga um stúdentahópinn.

Fulltrúar LÍS á ráðstefnu (ESC35) í Eistlandi í mars fengu kynningu frá EUROSTUDENT þar sem farið var yfir kaflann um hreyfanleika stúdenta (e. *Mobility*).

LÍS munu ráðast í nánari greiningarvinnu á gögnunum en í framhaldi verður haldinn viðburður í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneyti í apríl þar sem niðurstöðurnar verða kynntar.

Hér má nálgast niðurstöður EUROSTUDENT:

http://www.eurostudent.eu/download_files/documents/EUROSTUDENT_VI_Synopsis_of_Indicators.pdf

4.2 Samstarf við Bandalag háskólamanna

4.2.1 Samningaviðræður

LÍS og Bandalag háskólamanna (BHM) gerðu með sér nýjan samstarfssamning sem fól í sér breytingar á eldri samningi aðila í maí 2017. Samkvæmt samningnum skyldu aðilar vinna saman að stefnumótun um sameiginleg hagsmuna- og réttindamál. LÍS og BHM myndu svo dæmi séu tekin beita sér sameiginlega fyrir því að settar verði skýrar reglur um starfsnám á háskólastigi, auk þess sem LÍS skyldi vera BHM til ráðgjafar vegna hugsanlegra breytinga á Lánasjóði íslenskra námsmanna. Þá kom fram að aðilar myndu standa sameiginlega að kynningu á kjara- og réttindamálum háskólamenntaðra á vinnumarkaði fyrir háskólanemum enda hefur samningurinn meðal annars það markmið að efla þekkingu stúdenta á kjara- og réttindamálum á vinnumarkaði.



LÍS á samkvæmt samningi rétt á þátttöku í stefnumótun BHM um sameiginleg hagsmuna- og réttindamál og fulltrúar LÍS hafa seturétt á formannaráðs- og upplýsingafundum BHM. LÍS fékk afnot af skrifstofu- og fundaaðstöðu í húsakynnum BHM. Gildistími sammingsins er frá 1. mars 2017 til 1. maí 2018.

Í viðhengi: Samningur á milli LÍS og BHM

4.2.2 Skrifstofuhúsnæði og fundaraðstaða

Eins og fram kemur að ofan fær LÍS afnot af skrifstofuaðstöðu samkvæmt samningi. Ásamt afnotum af skrifstofu hafa samtökin aðgang að fundaraðstöðu og kaffistofu og eins afnot af annarri tilfallandi þjónustu. Það er verðmætt fyrir LÍS að vera undir sama þaki og BHM enda margir samstarfsfletir og mikil þekking sem LÍS getur og hefur getað sótt í. Þegar þetta er ritað hafa samtökin aðstöðu á annarri hæð í Borgartúni 6 en vegna framkvæmda hafa LÍS á starfsárinu staðið í flutningum milli skrifstofa.

Á starfsárinu nýttu samtökin sér aðstöðu BHM til fullnustu en formaður LÍS sem í fyrsta skipti var starfsmaður samtakanna hafði skrifstofuaðstöðu til daglegra starfa en auk þess voru allir framkvæmdastjórnarfundir haldnir þar. Eins nýttu nefndir samtakanna sér aðstöðuna að töluverðu leyti til fundarhalda en hartnær allir fundir nefnda áttu sér einnig stað í Borgartúni. Fyrir utan skipulagða fundi hafa fulltrúar í framkvæmdastjórn einnig varið ófáum klukkutímum í rýminu við vinnslu hinna ýmsu verkefna sem starfsemi samtakanna felur í sér.

4.2.3 Helstu samstarfsverkefni

Eins og komið hefur fram að ofan er það trú LÍS að milli samtakanna og BHM liggi margir samstarfsfletir. Þá hefur verið gott samstarf á milli aðila, formlegt sem óformlegt. LÍS hafa upplýst BHM um helstu verkefni samtakanna og þá sérstaklega varðandi Lánasjóð íslenskra námsmanna. Þó telur formaður LÍS að aðilar gætu nýtt samstarfið enn betur á komandi árum og unnið sameiginlega að fleiri verkefnum.

4.2.4 Regluverk um starfsnám á háskólastigi

Í samstarfi við Ernu Guðmundsdóttur, framkvæmdastjóra BHM, var skrifað bréf sem sent var mennta- og menningarmálaráðuneyti þar sem krafist var þess að sett yrði samræmt regluverk um starfsnám á háskólastigi en skortur er á slíku í dag. Allur gangur er á því hjá háskólunum hvernig samningur þeirra er við stofnanir og fyrirtæki um starfsnám. Svör ráðuneytis var á þá



leið að það hefði ekki tók á slíku að þessu sinni. Við vonum þó að ráðin verði bót á þessu í náinni framtíð.

4.2.5 Námskeið: Að koma út á vinnumarkaðinn

Lögmaður BHM, Andri Valur Ívarsson, sá um námskeið þar sem fjallað var um réttindi þeirra sem eru komnir eða að koma út á vinnumarkaðinn í kjölfar náms. Námskeiðið var opið öllum félagsmönnum BHM sem og háskólanemum án endurgjalds. Aðkoma LÍS að námskeiðinu var að kanna meðal fulltrúa LÍS hvaða spurningar gætu brunnið á háskólanemum. Auk þess kynnti LÍS þetta meðal aðildarfélaga sinna og deildi á Facebook síðu samtakanna.

4.2.6 Fræðslufundaröð LÍS og BHM

Eins og komið hefur fram áður í umfjöllun um samning milli LÍS og BHM áttu aðilar að kynna kjara- og réttindamál háskólamenntaðra á vinnumarkaði fyrir háskólanemum. Í upphafi var stefnt að því að halda ráðstefnu þar sem farið yrði yfir þessi atriði. Þess í stað var ákveðið að efna til þriggja hádegisfunda en sá fyrsti myndi fjalla um fyrstu skref á vinnumarkaði, annar um atvinnuleit og -horfur á vinnumarkaði og sá þriðji um geðheilbrigðismál stúdenta. Fundaröðin bar yfirheitið; *Og hvað svo?*

4.3 Samstarf við Samband íslenskra framhaldsskólanema

LÍS átti einn fund með fulltrúum sambands íslenskra framhaldsskólanema. Þar mættu formaður SÍF, Davíð Snær Jónsson og Einar Hrafn Árnason, varaformaður SÍF. Fundurinn var um gerð miðlægrar gátt um námsframboð á Íslandi. Vefsíðan naestaskref.is var sett á laggirnar árinu. Í lok fundar var það rætt að LÍS og SÍF gætu verið í meira samstarfi enda regnhlífarsamtök stúdenta á annars vegar háskólastigi og hins vegar á framhaldsskólastigi.

4.3.1 naestaskref.is

Á málþingi um starfs- og námsráðgjöf var vefsíðan naestaskref.is lítillega kynnt sem varð til þess að formaður LÍS hafði samband við formann SÍF eftir að hafa skoðað síðuna. Á henni er að finna upplýsingar um iðnnám, endurmenntun og námsframboð á háskólastigi. Ákveðið var að boða umsjónarmann síðunnar, Arnar Þorsteinsson, á fund þar sem fulltrúar LÍS og SÍF kynntu þær hugmyndir sem þeir höfðu um áframhaldandi þróun vefsíðunnar sem og skoðanir á því efni sem nú er á síðunni. Ástæða þess að haft var samband var sú að stúdentar voru ekki hafðir í samráði við gerð síðunnar. Hún er enn í vinnslu og tók umsjónarmaður síðunnar vel á móti þeim ábendingum sem fulltrúar LÍS og SÍF báru upp. Síðan er unnin að fyrirmynd norsku síðunnar utdanning.no sem er mikið yfirgripsmikilli en að sögn umsjónarmanns naestaskref.is er miklu fjármagni frá mennta- og menningarmálaráðuneyti í Noregi varið í síðuna.

4.4 Stuðningur við aðildarfélög

4.4.1 Nemendur sviðslistadeildar LHÍ neita að greiða skólagjöld

Nemendur sviðslistadeildar Listaháskóla Íslands neituðu að greiða skólagjöld vegna óviðundandi húsnæðisaðstöðu skólans og gerðu svo með skrifum á opnu bréfi til stjórnenda skólans. Salvör Gullbrá hafði samband við formann LÍS þar sem hún óskaði eftir fundi til að ræða möguleika þeirra varðandi áform um að neita að greiða skólagjöld. Formaður LÍS hitti hana á fundi, las yfir bréfið, ráðlagði henni að hafa það opinbert, senda til fjölmiðla og að safna fleiri undirskriftum en nemenda sviðslistadeildar enda málefni sem nemendur annarra deilda innan LHÍ láta sig varða ef ekki fleiri. Bréfið var birt í heild sinni á heimasíðu LÍS.

5 VIÐBURÐIR LÍS

5.1 Fundir og málþing

5.1.1 Jafnréttisdagar: sjálfsprottin hagsmunagæsla

Á jafnréttisdögum háskólanna 2017 hélt jafnréttisfulltrúi LÍS, Ágústa Björg Kettler Kristjánsdóttir, málþing í samvinnu við Ráð Háskóla Íslands um málefni fatlaðs fólks þann 16. október 2017. Titill málþingsins var Sjálfsprottin Hagsmunagæsla. Fjallað var um hinar ýmsu leiðir sem nemendur, fulltrúar nemenda og önnur grasrótastarfsemi fara við réttindagæslu. Spurningin „Hvað eru nemendur að gera til þess að bæta umhverfi sitt?“ var leiðandi á málþinginu. Sagt var frá verkefninu Réttinda-Ronja sem er framkvæmt af nemendum fyrir nemendur. Ágústa Björg Kettler Kristjánsdóttir jafnréttisfulltrúi LÍS og Sigvaldi Sigurðarson einn af stofnendum verkefnisins Réttinda-Ronju fluttu fyrirlestur um upphaf LÍS og síðan verkefnisins.



Þá sögðu fulltrúar frá Hugrónu geðsfræðslufélagi frá starfsemi og tilurð félagsins. UngBlind og fulltrúi Blindrafélagsins greindu frá athugun sinni á sjónrænu aðgengi í HÍ og sjálfsprottu átaki UngBlind #GulumReykjavík.

Fundarstjóri var Hanna Björg Sigurjónsdóttir, prófessor í fötlunarfræði við Háskóla Íslands sem að stýrði málþinginu og hélt utan um pallborðsumræður að fyrirlesturum loknum.

5.1.2 LÍN-þing

Nýtt ár 2018 hófst af krafti en LÍS boðuðu til LÍN-þings þann 4. janúar 2018. Þar komu saman fulltrúar stjórnna aðildarfélaganna auk framkvæmdastjórnar LÍS og ræddu efnislega um LÍN. Var boðað til þingsins þar sem fyrirhugað var að endurskoða lög um LÍN. Voru þátttakendur beðnir um að mæta með tillögur frá félögunum og byrjaði því dagskráin á kynningu frá hverju aðildarfélagi. Að kynningum loknum voru tillögurnar ræddar og sameiginlegur flötur fundinn. Góð mæting var á þinginu og virk þátttaka enda mynduðust líflegar og góðar umræður.

Út frá því sem rætt var á þinginu voru skrifaðar áherslur LÍS vegna breytinga á LÍN. Þá fengu öll aðildarfélög færi á að koma með breytingartillögur á því skjali en að lokum var kosið um það á fundi framkvæmdastjórnar LÍS.

Í viðhengi: Dagskrá LÍN-þings, minnisblað frá vinnustofu NOM-fundar í apríl 2017, fundargerð LÍN-þings

5.1.3 Fræðslufundaröð LÍS og BHM

Í samstarfi við Óla Jón Jónsson, kynningarfulltrúa BHM og Jóhönnu Heiðdal Sigurðardóttur, fræðslu- og jafnréttisfulltrúa BHM var skipulögð fræðslufundaröð sem bar yfirheitið Og hvað svo? Um var að ræða þrjá klukkutíma langa hádegisfundi sem haldnir voru á Litla-Torgi í Háskóla Íslands. Skipulagning hófst í nóvember 2017 en fyrsti fundur var haldinn 6. mars 2018 og bar heitið Fyrstu skrefin á vinnumarkaði þar sem Andri Valur Ívarsson, lögmaður BHM fór yfir helstu kjör og réttindi þegar fyrst er komið á vinnumarkað og Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða fjallaði um lífeyrismál. Annar fundurinn var haldinn 8. mars og bar heitið Hvernig kemst ég framur í röðinni? en Ásdís Hannesdóttir og Sigurlaug Jónsdóttir, ráðgjafar hjá Capacent fjölluðu um atvinnuhorfur og tækifæri á vinnumarkaði. Þriðji og síðasti fundurinn fór fram 12. mars og bar heitið Forgangsröðum loks í þágu geðheilsu stúdenta! Elísabet Brynjarsdóttir, formaður Hugarúnar geðfræðslufélags og sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs HÍ var með framsögu og stýrði umræðum í pallborði en í því sátu Sonja Björg Jóhannsdóttir, formaður Stúdentafélags HR, Gunnar Hrafn Birgisson, forstöðumaður fyrir sálfræðiráðgjöf háskólanema í HÍ, Sigrún Ólafsdóttir, stýrir sálfræðiþjónustu háskólanema í HR og María Rut Kristinsdóttir, aðstoðarmaður formanns

Viðreisnar. Þar var fjallað um geðheilsu stúdenta, þá þjónustu sem nú er í boði og hver næstu skref ættu að vera í þágu geðheilsu stúdenta.



5.2 Vinnuþing

Vinnuþing eru mikilvægur vettvangur framkvæmdastjórnar til að kafa í hugmyndavinnu og vinna að framkvæmd verkefna. Umræður eru á formi vinnustofa þar sem mismunandi málefni eru tekin fyrir hverju sinni. Á starfsárinu hafa þau verið tvö talsins, eitt að sumri og annað í byrjun árs.

5.2.1 Sumarþing

Sumarþing LÍS var haldið helgina 15. - 16. júlí 2017 í Háskólanum í Reykjavík. Þingið var fyrsta vinnuþing starfsársins og var markmið þess því einkum skipulagning starfsársins sem og tengslamyndun innan framkvæmdastjórnar. Unnið var að drögum að nýrri heimasíðu og starfsáætlun. Einnig voru kynningar-, fjárhags- og fjáröflunaráætlun starfsárs nánast fullkláraðar. Jafnræði, réttisýni og samheldni voru valin gildi LÍS.

Í viðhengi: Fundardagskrá sumarþings.

5.2.2 Nýársþing

Nýársþingið var haldið 5. – 7. janúar 2018 á Hvanneyri. Þingið skiptist í vinnustofur þar sem hugarflug þátttakenda þingsins fór á fullt, tvo fyrirlestra og framkvæmd hugmynda vinnustofanna.



Góð mæting og stemning var á þinginu. Föstudagurinn var upphitun þar sem humyndum var varpað fram um herferðir sem LÍS gætu ráðist í, hvernig bæta mætti innra starf LÍS og framtíðarsýn LÍS eftir 5 ár. Vinnustofur laugardagsins fjölluðu um lög og verklag, kynningarmál og gæðamál. Í kjölfarið hélt Ágústa Björg Kettler Kristjánsdóttir, jafnréttisfulltrúi LÍS, kynningu á starfi Réttinda-Ronju og áform um stefnugerð í jafnréttismálum. Þrjár vinnustofur voru haldnar varðandi jafnréttismál, enda umfjöllunarefni Landsþings 2018. Sunnudagurinn hófst á fyrirlestri af hálfu Stein Olav Romslo fulltrúa í miðstjórn NSO, landssamtaka norskra stúdenta, um starf samtakanna. Áhugavert var að fræðast um vinnubrögð reyndari stúdentasamtaka. Síðasti hluti þingsins var framkvæmd verkefnalista og tókst að ljúka nokkrum verkefnum og koma enn fleirum af stað.

Í viðhengi: Fundardagskrá nýársþings.

5.3 Afmæli LÍS

Þann 3. nóvember héldu LÍS upp á fjögurra ára starfsafmæli sitt. Þetta var einnig fyrsta partý á vegum samtakanna sem opið var öllum stúdentum. Viðburðurinn tókst vel til enda mikill metnaður lagður í að gera hann flottan. Kristín Sólveig Kormáksdóttir, viðburða -og markaðsstjóri LÍS, hélt utan um helstu verkefni er komu að afmælinu.

LÍS héldu t.a.m. kynningarherferðina; Hver erum við? Í aðdraganda afmælisins, þar sem ljósmyndir og grunnupplýsingum um alla framkvæmdarstjórnar- og nefndarmeðlima var deilt á Facebook. Einnig var Facebook leikur haldinn sem vakti mikla lukku og spennu, enda skemmtilegir vinningar í boði.

Afmælið var haldið í Stúdentakjallaranum og en sérstakur LÍS kokteill var hannaður. LÍS deildi út alls kyns varningi, svo sem kynningareinblöðungi, tattúum og límmiðum. Aldís Mjöll Geirsdóttir, formaður LÍS, ávarpaði gesti og hélt stutta kynningu um samtökin. Flestir, ef ekki allir, skemmtu sér konunglega. Afmælisviðburður LÍS er kominn til að vera og verður spennandi að sjá hvernig hann þróast í framtíðinni.

5.4 Landsþing LÍS 2018

Á þessu starfsári tóku öll minnstu aðildarfélög LÍS höndum saman og sáu um að halda og skipuleggja Landsþing LÍS sem er haldið í fimmta sinn. Ákveðið var að Háskólinn á Bifröst myndi hýsa þingið að þessu sinni, þar sem einu sinni áður hafði landsþing verið haldið þar og reynst afar vel, sem og að hótél, veitingastaður og fundarsalur er allt á sömu hundrað fermetrinum. Skipulagningarvinna hófst strax í október þegar sótt var um styrk til Erasmus+ til þess að halda þingið en sótt var um styrk í flokknum “Fundir ungs fólks og ráðamanna”. Á Þorláksmessu bárust þau tíðindi að Erasmus+ hefði veitt okkur styrk til þess að halda þingið og muna framkvæmdastjórnarmeðlimir vart eftir betri jólagjöf. Þetta létti mjög á skipulagningu þingsins, enda fjármögnun að mestu lokið með þessum áfanga. Þó ber að þakka skólum aðildarfélaganna sem standa að þinginu í ár, Háskólanum á Bifröst, Háskólanum á Hólum, Landbúnaðarháskóla Íslands og Listaháskóla Íslands sérstaklega fyrir styrki sem þeir veittu LÍS til að gera þingið enn glæsilegra.



Þema þingsins í ár er “Jafnrétti til náms” sú hugmynd hafði legið í loftinu en fékk byr undir báða vængi, bæði með tilkomu #metoo byltingarinnar sem og átaks í geðheilbrigðismálum stúdenta. Á þinginu verður gerður grunnur fyrir jafnréttisstefnu LÍŠ sem mun ná yfir allt háskólakerfið á Íslandi. Þingfulltrúum verða kynntir fyrir gerð jafnréttisstefna sem og jafnréttismálum í háskólakerfinu almennt fyrir þá vinnu. Jafnréttisnefnd LÍŠ hefur unnið hörðum höndum að umfjöllunarefni fyrir þingið og hefur Ágústa Björg, jafnréttisfulltrúi leitt þá vinnu.

Á þinginu verður einnig ný gæðastefna LÍŠ kynnt á þinginu og borin upp fyrir þingið sem fer yfir hana, ræðir, og hefur möguleika á því að breyta henni aður en hún verður samþykkt formlega sem gæðastefna LÍŠ. Verklagsbreytingar innan LÍŠ verða einnig kynntar fyrir þinginu en þær fjalla aðallega um innra starf samtakanna.

6 ALÞJÓÐAMÁL

6.1 Almennt

Alþjóðastarf LÍS hefur verið til fyrirtaks á starfsárinu. Áttu LÍS fulltrúa á öllum reglubundnum viðburðum í þeim samstarfsnetum sem LÍS eiga aðild að ásamt því að sækja sex aðra viðburði sem LÍS fengu boð á. Reglubundnar ráðstefnur voru á vegum Evrópusamtökum stúdenta (ESU) og samstarfsneti landssamtaka stúdenta á Norðurlöndum (NOM). LÍS voru með kröftuga nærveru á þessum viðburðum. Yfir árið lögðu LÍS fram töluverða vinnu í alþjóðastarfinu og tryggðu það að rödd íslenskra stúdenta heyrðist. Má til dæmis telja til tvær yfirlýsingar á stjórnarfundum ESU þar sem LÍS gagnrýndu ESU fyrir að hafa kosið að halda stjórnarfund sinn í Ísrael, þrátt fyrir að það hafi brotið á mannréttindastefnu samtakanna, og stuðningsyfirlýsingu vegna undirfjármögnunar háskólanna þar sem við fengum stuðning yfir 15 milljóna stúdenta til þess að berjast fyrir bættu fjármagni í háskólakerfið. Héldu LÍS einnig vinnustofu á stúdentaráðstefnu ESU í Tallinn, þar sem reynt var að finna lausnir á þeim brotalöfum innan ESU hvað varðar að finna gestgjafa ráðstefna. Gekk vinnustofan vonum framár, þar sem LÍS hlutu einróma lof fyrir að taka frumkvæði í þessum málum. Er eftirvinnsla þess að eiga sér stað í þessum skrifuðu orðum, en stefna LÍS á að leggja fram tillögu um að vinnuhópur verði stofnaður innan ESU sem mun taka á móti þessari forvinnu og leggja síðan fram uppbyggilega tillögu á umbótum. Sinnir alþjóðanefnd þessari vinnu ásamt allri almennri for- og úrvinnslu gagna fyrir og eftir viðburði, sem og undirbúning fulltrúa. Er starf alþjóðanefndar enn í þróun, en þetta er annað árið sem sú nefnd er virk.



Utan reglubundins starfs þá lögðu LÍS rækt við tengsl sín við önnur landssamtök af alúð. Niðurstaða þessa er vísir að samstarfi á milli LÍS og landssamtökum stúdenta í Grænlandi (Ili ili og Avalak) og Færeyjum (MFS). Er stefna þessa samstarfs að halda ráðstefnu á Grænlandi, þar sem landssamtök stúdenta í þessum þremur löndum ræða gæðamál í háskólakerfum sinna landa. Er mikil eftirvænting gagnvart þessu á meðal allra samtakanna, og er vonast eftir að þessi ráðstefna verði sú fyrsta af mörgum. Í tengslum við þetta samstarf skrifuðu LÍS yfirlýsingu um þann hag sem landssamtök stúdenta hljóta af sterku og metnaðarfullu alþjóðastarfi.

Einnig eru LÍS í samræðum við önnur finnsku landssamtök stúdenta (SYL) um stórt alþjóðlegt samstarfsverkefni sem mun ganga út á að bjóða stúdentum á stórar vinnustofur þar sem stúdentar munu geta unnið lausnarmiðað að fyrirfram ákveðnum viðfangsefnum. Þetta er enn í startholunum og því ekki fastmótað, en búist er við að verkefnisáætlun liggi fyrir á næstu tveimur mánuðum.



Til viðbótar við þessi verkefni sóttu LÍS hinar ýmsu ráðstefnur og var til að mynda sérstaklega boðið af öðrum landssamtökum á ráðstefnur til þess að halda erindi. Er öll þessi virkni í ofanálag við reglubundna starfsemi sterkt merki um þann þroska sem LÍS hafa náð og gefur til kynna að önnur landssamtök sjái LÍS sem svo að hagnaður er af framlagi frá okkur. Höfum við hlotið hól á alþjóðlegum vettvangi fyrir metnaðarfullt starf, geta LÍS státað sig af mjög sterku alþjóðastarfi og er það gríðarlega mikilvægt að gæta að því að það haldist svo.

6.2 Alþjóðanefnd

6.2.1 Nefndarmeðlimir:

Elsa María Guðlaugs Drífudóttir, formaður

María Rún Þrándardóttir

Hrefna Ósk Maríudóttir

Ian Buerger

Guðrún Marsibil Heimisdóttir

6.3 Fundir og ráðstefnur 2017-2018

6.3.1 NOM 71, Reykjavík, apríl 2017

Í apríl héldu LÍS í fyrsta skipti alþjóðlegan viðburð á sínum vegum. Í NOM, samstarfsneti landssamtaka stúdentna á Norðurlöndum, flyst hlutverk gestgjafa hinna reglubundnu NOM funda eftir hverja ráðstefnu og var það komið að LÍS að þessu sinni. Var það stórt fyrsta skref fyrir LÍS að halda alþjóðlega ráðstefnu sem þessa. Var yfirskrift ráðstefnunnar “Student Support Systems and Social Dimension” þar sem innslög komu um hin ýmsu mál, svo sem LÍN, FS, Hinseginleikann o.s.fv. Ráðstefnan gekk einstaklega vel og fengu LÍS hól fyrir gott skipulag og utanumhald.



6.3.2 Landsþing NUS-UK, Brighton, apríl 2017

Fulltrúar: Aldís Mjöll Geirsdóttir og Sunna Mjöll Sverrisdóttir

Landsþing NUS-UK var fyrsta ráðstefnan sem fulltrúum frá LÍS var boðið að sækja til viðbótar við reglubundnar ráðstefnur. Báðu NUS-UK sérstaklega um innlegg frá fulltrúum LÍS þar sem rætt var um hvernig það er að vera stúdent í landi sem stendur utan við ESB, eins tók Sunna Mjöll þátt í pallborði um Brexit þar sem hún varpaði ljósi á sýn stúdenta á Íslandi.



6.3.3 BM 72 Malta, maí 2017

Fulltrúar: Aldís Mjöll Geirsdóttir, Elsa María Guðlaugs Drífudóttir, Sunna Mjöll Sverrisdóttir og Þórður Jóhannson

Sóttu fjórir fulltrúar á vegum LÍS stjórnarfund ESU í Möltu í maí 2017. Var það í fyrsta skipti sem LÍS sendir svo marga fulltrúa á stjórnarfund hjá ESU og mátti sjá hversu mikill ávinningur var á auknum fjölda fulltrúa, þar sem LÍS gátu tekið enn virkari þátt og verið með sterkara innlegg í öllum málum sem tekin voru fyrir. Á fundinum voru innleiddar nýjar stefnur um gæðamál í háskólum og um málefni hinsegin stúdenta. Einnig var kosinn nýr forseti, tveir varaforsetar og sjö framkvæmdarstjórnarmeðlimir. LÍS fluttu harðorða yfirlýsingu um þá ákvörðun að hýsa næsta stjórnarfund ESU í Ísrael. LÍS lögðu einnig fram stuðningsyfirlýsingu um undirfjármögnun háskólakerfisins á Íslandi sem var samþykkt einróma.



Eftirfarandi einstaklingar voru kosnir í eftirfarandi embætti:

Forseti: Helge Schwitters

Varaforseti: Caroline Sundberg

Varaforseti: Adam Gajek

Framkvæmdarstjórn:

Katrina Koppel

Gohar Hovhannisyan

Filip Příhoda

Chiara Patricolo

Yolanda Truilljo Adriá

João Martins

Alexandar Šušnjar

Í viðhengi: Skýrsla BM72, Yfirlýsing um staðsetningu BM73, Stuðningyfirlýsing um undirfjármögnun háskólakerfisins

6.3.4 Sumarráðsstefna DSF, Danmörk, ágúst 2017

Fulltrúar: Aldís Mjöll Geirsdóttir og Elsa María Guðlaugs Drífudóttir

LÍS var boðið af DSF að koma sem gestir á sumarþing þeirra til þess að kynna LÍS fyrir meðlimum DSF. Héldu fulltrúar LÍS kynningu á allri starfsemi LÍS, þar sem farið var yfir stjórnskipulag, verkefni og markmið LÍS. Þingið sótti einnig hópur palestínskra stúdenta frá Landssamtökum palestínskra stúdenta (PSCF) sem DSF hafa unnið með síðan 2013. Var því kynningin haldin á ensku en einnig þýdd yfir á arabísku af túlki.

Í kynningu LÍS var gert grein fyrir forsögu LÍS, tilurð þess og fyrstu árum. Gaman var að segja frá þessari sögu þar sem DSF átti stóran þátt í sumum fyrstu skrefunum í mótun samtakanna þar sem LÍS ferðuðust til Danmerkur árið 2015 til þess að fræðast um störf og skipulag DSF til

Þess að geta eflt sitt eigið starf. Á sumarþinginu voru nokkrir meðlimir DSF sem höfðu einnig verið meðlimir í samtökunum þá og mundu eftir þessari heimsókn.

Fengum við einnig nokkuð mikið af spurningum frá palestínsku gestunum, sem áttu erfitt með að skilja það hvernig það gat verið svona erfitt að bæta úr málum í vestrænu landi sem hvorki er hersetið eða fátækt. Það var nokkuð lærdómsríkt og jafnvel kaldhæðið að heyra það og undirstrikar að aukin velmegun er ekki endilega ávísun upp á að hagsmunabarátta verði auðveld.

Ráðstefnan varð tvímælaust til þess að treysta böndin á milli samtakanna og einnig til þess að kynnast palestínsku stúdentunum. Það er eitt af mikilvægustu verkefnum alþjóðastarfs LÍS að tryggja og treysta tengsl við önnur landssamtök og því mikilvægt að þegar boð sem þetta koma upp á borð að taka þeim ef bolmagn er til staðar.

6.3.5 Evrópuráðstefna NSO, Brussel, september 2017

LÍS var boðið af norsku stúdentasamtökunum að koma og vera með kynningu á starfi LÍS og því hvernig LÍS vinna með mennta- og menningarmálaráðuneyti og þá sérstaklega í málum sem tengjast Evrópusambandinu.





6.3.6 European Students' Convention 34, Cardiff, Wales, október 2017

Fulltrúar: Aldís Mjöll Geirsdóttir og Elsa María Guðlaugs Drífudóttir

Yfirskrift ráðstefnunar var “*Securing our Future*” með sérstöku tilliti til Brexit og minnihlutatungumála.

Í viðhengi: Skýrsla ESC34

6.3.7 NOKUT ráðstefna, Osló Noregi, október 2017

Fulltrúi: Eygló María Björnsdóttir

Ráðstefna um gæðamál í Osló, þar sem málefnið var Reykjavík declaration. Reykjavík declaration er eins konar norræn hliðstæða við Lissabon declaration.

Í viðhengi: Skýrsla NOKUT

6.3.8 NOM 72, Klaipéda Litháen, október 2017

Fulltrúar: Elsa María Guðlaugs Drífudóttir og Eygló María Björnsdóttir

Fjallað var um gæðakerfi í háskólum, með sérstöku tilliti til stöðu háskólakerfisins í Litháen sem er í þann mund að ganga í gegnum töluverðar breytingar.

Í viðhengi: Skýrsla NOM72

6.3.9 BM 73, Jerusalem Ísrael, desember 2017

Fulltrúar: Aldís Mjöll Geirsdóttir og Elsa María Guðlaugs Drífudóttir

Stjórnarfundur ESU, á fundinum voru samþykkt pólitísk stefnumál ESU fyrir næstu þrjú ár ásamt verkáætlun næsta árs fyrir framkvæmdarstjórn. Fulltrúar LÍS lásu upp yfirlýsingu um staðsetningu viðburða sem vakti mikla athygli.



Í viðhengi: Skýrsla BM73 og Yfirlýsing um hýsingu stjórnarfunda ESU

6.3.10 Ráðstefna PSCF og DSF, Ramallah Palestína, desember 2017

Fulltrúar: Aldís Mjöll Geirsdóttir og Elsa María Guðlaugs Drífudóttir

Ráðstefna á vegum landssamtaka stúdenta í Palestínu og Danmörku. Þetta var fyrsti alþjóðlegi viðburður sem PSCF tekur þátt í og kynnist stúdentum frá fleiri löndum en Danmörku, að undanskildu sumarþingi DSF. Virkilega mikilvæg ráðstefna sem varð til þess að fulltrúar LÍS sneru heim fullir baráttuvilja og andagift.

Í viðhengi: Skýrsla um ráðstefnu PSCF og DSF

6.3.11 European Students' Convention 35, mars 2018

Fulltrúar: Aldís Mjöll Geirsdóttir og Elsa María Guðlaugs Drífudóttir

Á ráðstefnunni voru málefni alþjóðlegra stúdenta tekin fyrir með sérstöku tilliti til opnum og aðgengilegum stúdentahreyfingum. Fulltrúar LÍS héldu einnig vinnustofu um hýsingu stjórnarfunda ESU, sem helst í hendur við fyrri yfirlýsingar og það vandamál sem ESU stendur frammi fyrir, hvað varðar að berjast við að finna gestgjafa til að halda stjórnarfundum.

Í viðhengi: Skýrsla ESC35

6.3.12 NOM 73 Stockholm Svíþjóð, apríl 2018

Fulltrúar: Elsa María Guðlaugs Drífudóttir og María Rún Þrándardóttir

Þessi ráðstefna hefur ekki átt sér stað, en yfirskrift hennar verður “*Student Influence and Democracy*” ásamt “*Open and Equal Higher Education*”.

7 GÆÐAMÁL

7.1 Almennt

Gæðastarfið hefur ávallt verið stór hluti af starfi samtakanna og í ár var þar engin undantekning á. Á árinu var gerð gæðastefna sem lögð var fyrir Landsþing 2018, einnig var skrifaður leiðarvísir fyrir stúdenta um eflingu gæðastarfs. Skipaðir voru tveir fulltrúar í gæðaráð íslenskra háskóla í fyrsta sinn. Tveimur viðamiklum könnunum um gæðastarf með augum stúdenta var svarað.

7.2 Gæðanefnd

Gæðanefndin fundaði nokkrum sinnum fyrir áramót en hittist ekki formlega eftir áramót. Voru virkir meðlimir að vinna í sitt hvoru lagi að verkefnum. Meðlimir sem skipaðir í nefndina að hausti og hafa ekki þekkingu á gæðamálum þurfa að fá mikla fræðslu til þess að geta tekið virkan þátt. Það gafst ekki mikill tími fyrir það þar sem nefndin átti erfitt með að festa niður fundatíma og því var það svo að sumir meðlimir gátu ekki tekið virkan þátt.

7.2.1 Nefndarmeðlimir

David Erik Mollberg, formaður

Erna Sigurðardóttir

Magnús Þorsteinsson

Kristófer Alex Guðmundsson

J. Miguel Martins

Ólafur Yngvi

7.3 Gæðaráð

Quality Enhancement Framework 2nd cycle (QEF II) hófst á árinu. Nokkrar breytingar áttu sér stað á ráðinu frá fyrri úttekt. LÍS fékk að skipa einn fullgildan meðlim í ráðið en farið var þá leið, í samráði við gæðaráðið, að leita að erlendum stúdent sem hefði mikla reynslu af því að vera stúdentafulltrúi. Auglýst var eftir umsækjendum í maí 2017 innan ESU, á sama tíma voru fulltrúar LÍS á BM 72 á Möltu og svöruðu spurningum áhugasamra. Að lokum sóttu sex mjög hæfir einstaklingar um og var Robert Henthorn valinn úr hópnum. Ásamt honum skipaði LÍS áheyrnarfulltrúa í ráðið úr hópi íslenskra stúdenta sem sinnir hlutverki tengiliðs milli LÍS og gæðaráðsins og miðlaði upplýsingum áfram um störf ráðsins. Erna Sigurðardóttir var skipuð áheyrnarfulltrúi vegna reynslu sinnar af gæðamálum og þekkingar á íslenska menntakerfinu. Á árinu hefur hennar þekking reynst ráðinu vel og hefur hún fengið góðar viðtökur frá gæðaráðinu í starfi. Þau tóku bæði til starfa haustið 2017 og eru skipuð til tveggja ára. Þá skal íslenskur stúdent vera skipaður sem fulltrúi stúdenta og lagt til að gæðastjóri LÍS taki sæti áheyrnarfulltrúa en einnig skal taka mið af aðstæðum þegar að því kemur. Mikilvægt er að við sinnum þessu hlutverki stúdenta innan ráðsins áfram af elju og dugnaði.

Aðrar breytingar innan ráðsins voru formannaskipti og tveir nýir meðlimir hafa verið skipaðir í ráðið ásamt því að í QEF II ólíkt QEF I verður lagt mat á rannsóknir í íslenskum háskólum. Til þess að leiða þróun þeirrar vinnu hefur verið skipuð ný nefnd, svokölluð ráðgjafarnefnd um mat rannsókna og er Phil Winn formaður þeirrar nefndar. Phil er annar tveggja nýrra meðlima í ráðinu. Hinn nýi meðlimurinn í Gæðaráði er Ellen Hazelkorn. Í haust tók Andree Sursock við störfum sem formaður ráðsins í stað Norman Sharp. Til þess að tryggja hnökralaus skipti hefur hann setið fundi Gæðaráðs og kemur til með að gera það út fyrsta starfsárið í QEF II.

Nokkrir skólar hafa nú þegar hafið fagsviðsúttektir í nokkrum deildum en fyrsta stofnanaúttektin kemur til með að verða gerð haustið 2018. Er það Háskólinn í Reykavík sem verður fyrstur skólanna, árið eftir verður það Háskólinn á Hólum, fylgt eftir af Háskóla Íslands og Háskólanum á Bifröst haustið 2020, síðan Háskólanum á Akureyri og Listaháskóla Íslands árið þar eftir og að lokum verður það Landbúnaðarháskóli Íslands.

LÍS skipar stúdent í stofnunarúttektarteymi hvorrar úttektar úr hópi stúdenta frá aðildarfélögum LÍS og er sú vinna í gangi að skipa stúdent fyrir stofnunarúttekt Í HR.

7.4 Ráðgjafarnefnd gæðaráðs

Fulltrúar LÍS í ráðgjafarnefnd Gæðaráðs eru Aldís Mjöll Geirsdóttir og David Erik Mollberg. Nefndin fundar einu sinni í mánuði og ræðir verkefni tengd QEF II ásamt því að mynda samráðsvettvang fyrir alla gæðastjóra háskólanna og fulltrúa ráðuneytisins. Þátttaka í nefndinni gefur af sér gríðarlega mikla þekkingu á íslenska háskólakerfinu.

Formannaskipti voru á árinu. Magnús Diðrik Baldursson, fráfarandi formaður, sagði sæti sínu lausu í nefndinni og í stað hans kom Áslaug Helgadóttir nýráðinn gæðastjóri HÍ. Hún var síðar meir kosinn formaður nefndarinnar.

Fundir nefndarinnar færast oft á milli stofnana og í september bauð LÍS nefndinni til að funda á heimavelli LÍS í Borgartúni 6.

Innan ráðuneytisins er vinna í gangi við breytingu á reglum nr. 321/2009 til þess að heimila Gæðaráði að safna lykilupplýsingum um háskólasamfélagið. Skipaður var starfshópur úr meðlimum úr nefndinni til þess að vinna að tillögum um söfnun lykiltalna um háskólasamfélagið með félagslega vídd að leiðarljósi. Aldís tók sæti í þeim starfshópi og kemur hann til með að eiga fyrsta fund eftir páska.

7.5 Stefna LÍS um eflingu gæða í háskólasamfélaginu

Á árinu var unnið að gerð fyrstu stefnu LÍS um gæði í íslenska háskólasamfélaginu. Verður hún lögð fyrir Landsþingið 2018. Stefnan er í grunninn byggð á ESG 2015 og útkomu úr vinnustofum á Landsþingi LÍS 2017. Ásamt því var mikið horft til gæðastefnu landssamtaka stúdenta í Noregi (NSO). Stefnan er mikilvægt tól fyrir stúdenta til þess að samræma sínar áherslur um gæði í háskólasamfélaginu og það er von LÍS að aðildarfélög LÍS geri það. Það verður verkefni næstu gæðanefndar að kynna stefnuna innan aðildarfélaga LÍS og þrýsta á að áherslurnar skili sér til háskólanna, ráðuneyta og stjórnmalaflokka.



7.6 Leiðarvísir stúdenta um eflingu gæða í íslensku háskólasamfélagi

Á árinu var gerður leiðarvísir fyrir stúdenta um eflingu gæða í íslensku háskólasamfélagi í samstarfi við ritara gæðaráðs og ráðgjafarnefndar, Sigurð Óla Sigurðsson. Um haustið útbjó hann drög út frá hugmyndavinnu sem fór fram á síðasta starfsári. David Erik Mollberg tók síðan við drögnum og leiddi frekari skrif hennar í samstarfi við Aldísi Mjöll Geirsdóttur, Ernu Sigurðardóttur og Maríu Rún Þrándardóttur. Fengin var fjöldi fólks til þess að prófarkalesa og eigu þau miklar þakkir skilið.

Markmiðið með leiðarvísinum er að hann geti verið stúdentum innan handar sem eru að fara taka þátt í úttektum í QEF II. Einnig getur hann gagnast stúdentum sem vilja skilja hvernig gæði í háskólum eru metin og fyrir LÍS til að kynna gæðastarfið. Horft var til þess að hafa leiðarvísinn stuttan og hnitmiðaðan og endaði hann svo í rúmum 10 blaðsíðum en það á eftir að sníða umbrot hans.

7.7 EQAF Riga Lettland, nóvember 2017

Þann 23. – 25. nóvember fóru David Erik Mollberg og Erna Sigurðardóttir á 12th European Quality Assurance Forum (EQAF). Voru þau hluti af íslensku föruneysi sem samanstóð af meðlimum úr ráðgjafarnefnd gæðaráðs; Áslaug Helgudóttir, Einar Hreinsson, Ólöf Gerður Sigfúsdóttir, Sigrún Magnúsdóttir og ritara ráðsins Sigurði Óla Sigurðssonar. Ráðgjafarnefnd Gæðaráðs greiddi LÍS 100 þús. kr. ferðastyrk fyrir ferðinni.

Ráðstefnan er vettvangur fyrir sérfræðinga á sviði gæðamála háskólanna til að hittast og deila reynslu sinni sín á milli. Fjöldi af pallborðsumræðum, erindum og vinnustofum eru í boði báða dagana. Þema ráðstefnunnar í ár var “How can quality assurance (QA) ensure transparent and responsible action?” Ráðstefnan var haldin í Háskóla Lettlands í höfuðborginni Riga. Skipulagning dagskrár er í höndum ENQA, ESU, EUA og EURASHE ár hvert.

Íslenska föruneysið var ekki sátt við innihald ráðstefnunnar þar sem það hefði mátt vera bitastæðara en ferðin reyndist góð til þess að skapa góðan mórál og samstöðu innan ráðgjafarnefndar gæðaráðs.

Í viðhengi: Skýrsla frá ráðstefnunni

7.8 UNESCO REGIONAL CONFERENCE ON QUALITY ASSURANCE OF HIGHER EDUCATION, Swiss, febrúar 2018

Erna Sigurðardóttir fór fyrir hönd LÍS á ráðstefnuna. Hún stóð yfir dagana 15.-16. febrúar í Genf, Swiss. Þema ráðstefnunnar var “The role of Quality Assurance in Higher Education: challenges, developments and trends” og er hún hluti af undirbúningsfundaröð fyrir UNESCO global conference on Quality Assurance in Higher Education sem verður haldin í París 21. - 23. nóvember 2018.

Sjálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna eða Heimsmarkmiðin eru 17 markmið sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti að setja fyrir árin 2015-2030. Markmiðin 17 hafa 169 áfanga sem snúast um ýmsa fleti sjálfbærrar þróunar. Markmið nr. 4 um “Quality education”, um að tryggja gæði menntunar án aðgreiningar með jafnræði að leiðarljósi og skapa tækifæri til símenntunar fyrir alla er ekki eina markmiðið sem tengist menntun á háskólastigi, heldur eru öll markmiðin tengd á einhvern átt og flest markmið ganga ekki almennilega upp án markmiðs nr. 4.

Dagskráin var mjög löng, þétt og innihélt mörg erindi. Mjög mikið efni til að ná utan um á tveimur dögum. En virkilega áhugaverð ráðstefna og fjölbreytt erindi.

Í viðhengi: Skýrsla frá ráðstefnunni

7.9 Bologna Implementation Report og Bologna with student eyes

Á þriggja ára fresti er gefin út skýrsla sem ber heitið The European Higher Education Area: Bologna Process Implementation Report. Næsta útgáfa kemur út á árinu í tæka tíð fyrir ráðherrafundin sem fer fram í maí 2018. ESU gerði könnun sem lögð er fyrir öll aðildarfélög samtakanna um hvernig stúdentar upplifa að landið sitt standi sig í að innleiða Bologna ferlið. Út frá svörum getur ESU lesið út áherslur og stöðu innleiðingu Bologna ferlisins og sú



Þekking er notuð til þess að hafa áhrif á skýrsluna. Könnunin var lögð fyrir að hausti til og sá gæðastjóri um að svara henni með aðstoð formanns LÍŠ.

Á nýju ári lagði ESU fyrir aðra könnun sem ber heitið Bologna with student eyes (BWSE). Þar er einnig spurt um framvindu innleiðingar á Bologna ferlinu ásamt mun ítarlegri spurninga um félagslega vídd í háskólasamfélaginu, alþjóðavæðingu, fjármögnun og stoðþjónstu við stúdenta. Þessi könnun verður síðan grundvöllurinn að skýrslu sem ber sama heiti og verður einnig gefin út í tæka tíð fyrir ráðherrafundinn. Að svörun hennar komu gæðastjóri, formaður, alþjóðaforseti og jafnréttisfulltrúi LÍŠ ásamt Maríu Rún Þrándardóttur.

8 JAFNRÉTTISMÁL

8.1 Jafnréttisnefnd

8.1.1 Almennt

Starfsárið 2017-2018 hjá jafnréttisnefndinni reyndist gott. Nefndin náði að funda reglulega en þó með nokkru hléi í kringum jól og áramót. Samtals voru haldnir 10 fundir á tímabilinu 17. október 2017 til 22. mars 2018.

Þar ber hæst stærri fundur sem haldinn var með fulltrúum allra jafnréttisnefnda aðildafélaga LÍS. Rætt var um komandi samstarf vegna Réttinda-Ronju en til þess að halda verkefninu áfram og fá svör frá skólunum er mikilvægt að hafa tengiliði inni í skólunum til þess að aðstoða við upplýsingaöflun. Þessi sameiginlegi fundur vakti áhuga þáttakenda og stuðlaði að áframhaldandi samstarfi jafnréttisnefndar LÍS við aðildafélög sín. Það var áfram mikill samhugur um mikilvægi verkefnisins og aðgengi að námi á háskólastigi fyrir alla.

Eftir landsþing LÍS 2018 verður mikið verk fyrir höndum að vinna úr því efni sem að verður til í vinnustofum þingsins. Þemað á landsþinginu í ár verður Jafnrétti til náms: Hvað er jafnt aðgengi að námi og hvernig tryggjum við það. Í vinnustofum þingsins verður farið yfir hina ýmsu vinkla er snerta jafnt aðgengi til náms og jafnrétti, það efni sem að verður til í vinnustofunum verður síðar notað í gerð jafnréttisstefnu LÍS. Það er því nóg fyrir höndum eftir landsþing fyrir nefndina.

Á þessu öðru starfsári jafnréttisnefndar var mikilvægur grunnur lagður fyrir áframhaldandi vinnu í jafnréttismálum á vegum LÍS. Réttinda-Ronja hélt áfram að vera stór hluti verkefna á vegum nefndarinnar. Á haustmánuðum tók jafnréttisnefndin við af starfsmönnum Réttinda-Ronju sem höfðu verið að störfum um sumarið. Tveir nýjir einstaklingar komu inn í verkefnið eftir að almenn auglýsing var send út.

8.1.2 Nefndarmeðlimir

Ágústa Björg Kettler Kristjánsdóttir (Formaður)

Annie Marín Vestfjörð

Arna Guðnadóttir

Magnús Jóel Jónsson

Vilborg Júlía Pétursdóttir

Heiðís Hanna Sigurðardóttir

María Rún Práandardóttir

Elsa María Guðlaugs Drífudóttir



8.2 RÉTTINDA-RONJA

Nefndarmeðlimir unnu þarfa vinnu í tengslum við verkefnið Réttinda-Ronju. Þetta yfirgripsmikla verkefni tekur langan tíma og krefst mikillar vinnu, jafnréttisnefndin hófst handa við að reyna ákvarða hversu mikill hluti verkefnisins vannst um sumarið. Niðurstaðan var sú



að um 50% verkefnisins væri unnið. Heiðdís Hanna leiddi hópinn í byrjun haustannar þegar að verið var að færa verkefnið yfir í hendur jafnréttisnefndar.

Samstarf við ÖBÍ var mjög gott á starfsárinu. Ágústa og Heiðdís funduðu tvisvar með fulltrúum ÖBÍ sem að hafa aðstoðað í einu og öllu. Spurningalisti sem hefur verið lengi í myndun var unnin í samstarfi við fulltrúa frá ÖBÍ. Sá spurningalisti er enn í vinnslu en hann mun koma til með að vera sendur á alla háskólana og spyrja út í allskyns þjónustu, réttindi og aðgengi fyrir allskonar nemendur. Svörin sem að fást úr þessari könnun verða síðan uppistaða heimasíðunnar Réttinda-Ronju. Heiðdís og Ágústa munu fylgja listanum eftir með því að funda og kynna hugmyndina bak við listann fyrir fulltrúa skólanna.

Réttinda-Ronju verkefnið í höndum LÍS fékk styrk frá ÖBÍ upp á 2,5 milljónir sem að hefur verið hingað til nýttur í launakostnað þriggja starfsmanna verkefnisins síðastliðið sumar. Það sem eftir stendur af styrknum verður nýtt í launakostnað vefstjóra og grafísks hönnuðs sem voru ráðnir í verkefnið eftir að auglýst var eftir einstaklingum í þau störf. Það voru þeir Alex Giannakos og Pétur Húni sem ráðnir voru inn í teymið. Samstarfið við þá heldur nú áfram eftir landsþing LÍS þegar að svör byrja að berast úr fyrrnefndri spurningakönnun.

9 MARKAÐSMÁL

9.1 Markaðsnefnd

9.1.1 Almennt

Í upphafi starfsárs voru markaðs- og viðburðanefnd tvær aðskildar nefndir og því teknir nefndarmeðlimir inn út frá þeim forsendum. Þegar leið á starfsárið var starf þessara tveggja nefnda þó mikið samtvinnað og kaus Kristín Sólveig Kormáksdóttir, formaður beggja þessara nefnda sem markaðstjóri og jafnframt viðburðastjóri, að sameina starfið alfarið en nefndirnar funduðu saman þar sem eftir leið starfsári. Þá voru einhverjir nefndarmeðlimir sem sögðu af sér og þar af leiðandi með fækkun nefndameðlima enn meiri ástæða að sameina nefndirnar.

9.1.2 Nefndarmeðlimir:

Kristín Sólveig Kormáksdóttir, formaður

Flores Axel Böðvarsson Terry

Daníel Már Guðmundsson

Alex Giannakos

Katrín Ásta Jóhannsdóttir

Guðrún Marsibil Heimisdóttir

9.2 Kynningar á LÍS

9.2.1 Kynningarfundir með aðildarfélögum

Stór hluti af starfsemi samtakanna eru góð samskipti við aðildarfélög LÍS. Það var því að hausti eða 18. september 2017 sem formaður hélt á Hvanneyri og hitti þar fulltrúa Nemendafélags Landbúnaðarháskóla Íslands og Nemendafélags Háskólans á Bifröst. Þá var haldin kynning á LÍS og hvernig fulltrúar í framkvæmdastjórn LÍS frá aðildarfélögunum geta haft áhrif á starf LÍS og hagsmunabaráttu stúdenta á Íslandi. Í lok fundar var farið yfir atriði er varða landsþing enda bæði félögin hluti af þeim er sjá um skipulagningu þings 2018.

Þann 3. október 2017 fór formaður LÍS til Akureyrar í svipuðum erindagjörðum en fékk boð á stúdentaráðsfund Stúdentafélags Háskólans á Akureyri. Formaður SHA, Ketill Sigurður Jóelsson, tók á móti formanni LÍS og leiddi um allt háskólasvæðið, kynnti fyrir rektor og fræddi um háskólasamfélagið á Akureyri. Sólveig María Árnadóttir, varaformaður SHA og Thelma Rut Káradóttir, framkvæmdastjóri SHA sýndu formanni LÍS stúdentafúbúðir á Akureyri. Að lokum var haldin samskonar kynning og á Hvanneyri á fundi með stúdentaráðsliðum SHA.

Stúdentaráð Háskóla Íslands efndi til opins fundar með Stúdentaráðsliðum og öðrum stúdentum sem höfðu áhuga þar sem formaður LÍS kynnti starf samtakanna auk Landsþings og þeirra lagabreytinga sem framkvæmdastjórn mun leggja fram.

Þá munu fulltrúar í ráðgjafarnefnd Gæðaráðs íslenskra háskóla eiga fund í Hólaskóla í apríl 2018 og er gert ráð fyrir því að hitta á fulltrúa stúdenta þaðan.

9.2.2 Framadagar

LÍS tók þátt á Framadögum í fyrsta skipti á árinu 2018. Eygló María Björnsdóttir og Ágústa Björg Kettler Kristjánsdóttir sóttu upplýsingafund og undirbjuggu daginn. Þann 8. febrúar stóðu Aldís, Eygló og David vaktina í HR á LÍS kynningarbásnum. Þar var mikill straumur manna og dagurinn heppnaðist einstaklega vel. Margir komu að LÍS básnum og fengu að heyra um okkar yndislegu samtök. Góður dagur í alla staði.

9.2.3 Háskóladagurinn

LÍS hélt áfram kynningu sinni á samtökunum á Háskóladeginum 2018. Básar á vegum LÍS voru í Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík. Útbúinn var nýr kynningareinblöðungur sem dreift var til gesta en líkt og árinu áður þá komu margir á Háskóladaginn.

9.3 Útgáfa

9.3.1 Kynningarherferð: Hver erum við?

Í tilefni af fjögurra ára afmælisviðburði LÍS var ákveðið að efna til kynningarherferðar á þeim sem taka þátt í starfi LÍS enda fjölmargir sem koma að því í gegnum framkvæmdastjórn og þær sjö nefndir sem eru starfrækar innan samtakanna. Herferðin bar heitið Hver erum við? og var ein nefnd og meðlimir kynnt á hverjum degi fram að afmæli sem endaði á kynningu á framkvæmdastjórn LÍS.

LANDSSAMTÖK ÍSLENSKRA STÚDENTA #LÍSnemar

HVER ERUM VIÐ?
Sameinuð rödd stúdenta síðan 2013

GÆÐANEFND

LANDSSAMTÖK ÍSLENSKRA STÚDENTA #LÍSnemar

HVER ERUM VIÐ?
Sameinuð rödd stúdenta síðan 2013

FRAMKVÆMDASTJÓRN

9.3.2 Jólakveðja LÍS 2017

Útbúin voru jólakort með mósaíkmynd af öllum þáttakendum starfsársins 2017-2018 en þau voru send út rafrænt en einnig á prenti til framkvæmdastjórnar, aðildarfélaga og vina LÍS í mennta- og menningarmálaráðuneyti og Rannís.



9.4 Heimasíða og samfélagsmiðlar LÍS

9.4.1 Heimasíða




Heimasíða LÍS tók nokkurri breytingu á þessu starfsári en þó liggur fyrir að enn stærri breytingar og uppfærslur verði gerðar á næstunni þar sem að samtökin hafa verið svo lánsöm að fá til liðs við sig grafíska hönnuðinn Alex Giannakos. Allt útgefið efni samtakanna hefur verið fært inn á heimasíðuna á sama stað.

9.4.2 Fréttir

Á heimasíðu LÍS má finna fréttir um helstu störf og viðburði í daglegu starfi LÍS. Undir það fellur til dæmis að segja frá alþjóðlegum ráðstefnum, fundum og pallborðsumræðum sem LÍS annað hvort tekur þátt í og/eða skipuleggur að öðru leyti. Einnig má af og til finna þar fræðslupistla, s.s. innslag jafnréttisfulltrúa í tilefni Reykjavík Pride í ágúst síðastliðnum.



9.4.3 Facebook og twitter



Facebook síða var afar virk síðastliðið starfsár og aðal vettvangur samtakanna við auglýsingu á viðburðum sem haldnir voru á árinu, samningum og áföngum sem og kynningu á alþjóðastarfi samtakanna. Ráðist var í herferð á Facebook þegar kom að kosningunum sem haldar voru í október og bar það heitið Kjóstun menntun en lesa má nánar um það hér að neðan. Fundir með frambjóðendum voru meðal annars sýndir í beinni á Facebook og áherslur LÍS í hinum ýmsu málaflokkum tengdum stúdentum voru kynntar þar einnig.



Fyrir afmæli LÍS sem haldið var 4. nóvember var haldinn Facebook leikur þar sem hægt var að vinna sér inn fjölda gjafabréfa við það eitt að tilkynna komu sína í afmælið og að bjóða vinum. Í tilefni afmælisins voru einnig allar nefndir innan samtakanna kynntar, meðlimir, starf og formenn sem og framkvæmdastjórn og meðlimir hennar. Þetta var gert til þess að auka sýnileika LÍS og auka vitneskju stúdenta og annarra um tilvist LÍS. Fylgjendahópur samtakanna á Facebook og Twitter hefur stækkað á þessu starfsári sem hefur skilað aukinni þekkingu á starfi samtakanna.

9.5 Varningur

Ákveðið var að efla kynningu á samtökunum með því að hanna og framleiða ýmsan varning merkt LÍS. Límmiðar og tímabundin húðflúr voru framleidd fyrir afmæli LÍS sem að vöktu lukku afmælisgesta og náðu ágætri dreifingu.

Fyrir Landsþing LÍS var gefið enn meira í og nokkra daga fyrir þingið fengu samtökin nælur, bolla, penna, húfur, taupoka og sérstakar LÍS peysur afhentar. Þinggestir, fyrirlesarar og ráðherra fengu því afhentan taupoka stútfullan af stórglæsilegum LÍS varningi.

Aldrei hefur varningur LÍS verið jafn metnaðarfullur og fjölbreyttur. Peysurnar sem voru forpantaðar og keyptar af framkvæmdastjórnarmeðlimum voru áberandi flottar og þónokkrir makar framkvæmdastjórnarmeðlima fengu einnig tækifæri á að kaupa sína eigin LÍS peysu sem hlýtur að verður að teljast nokkuð góð markaðssetning fyrir samtökin.

Fyrir landsþingið í ár hannaði grafíski hönnuðurinn Alex Giannakos handbók sem að fór fram



úr vonum allra. Einkar glæsileg handbók varð til frá grunni og á Alex mestu þakkir fyrir sína þrotlausu vinnu við að gera flottustu handbók fyrir landsþing LÍS til þessa.

10 INNRA STARF

10.1 Laga- og verklagsbreytingar

Á liðnu starfsári ákvað framkvæmdastjórn að ráðast í nokkrar stórar breytingar á lögum samtakanna til þess að einfalda og betrubæta starf þeirra. Lagabreytinganefnd fundaði í samstarfi við embættismenn framkvæmdastjórnar. Breytingarnar lúta að því að skapa annars vegar fulltrúaráð þar sem fulltrúar aðildarfélaga taka sæti og nýja framkvæmdastjórn sem er mynduð af embættismönnum samtakanna. Þá var skrifuð tillaga að ítarlegu ákvæði í lögum og verklagi varðandi trúnaðarmenn en lagt er til að tveir trúnaðarmenn starfi innan samtakanna yfir allt starfsárið. Þá var gerð tillaga um að fyrirkomulagi varðandi útreikning aðildargjalda yrði breytt. Kerfið er þrepaskipt og fyrirmynd þess er aðildargjaldakerfi European Students' Union (ESU). Þá voru gerðar tillögur að breytingum er varða fjölda þingfulltrúa en fyrirmynd þess kerfi er þingfulltrúakerfi norsku stúdenta samtakanna (NSO). Fleiri lagabreytingar voru einnig lagðar fram sem snéru að almennu starfi samtakanna. Lagabreytingarnar miða allar að því að bæta starf samtakanna og gera komandi framkvæmdastjórnnum auðveldara fyrir að sinna hagsmunabaráttu sinni í þágu stúdenta. Einnig var verklag samtakanna endurskrifað og breytt í samræmi við lagabreytingatillögur. Við verklagsbreytingar var eldra verklag, frá árunum 2015 til 2016, notað til hliðsjónar og stuðst við nýjar lagabreytingarnatillögur framkvæmdastjórnar. Þá var einhverju nýju bætt við verklagið svo sem hlutum eins og valdaröðun skjala, kafla um trúnaðarmenn og sitthvað fleira. Verklaginu er ætlað til þess að vera einskonar handbók fyrir þá sem koma nýir inn í starf LÍS.

10.1.1 Lagabreytingarnefnd

Nefndin hefur það hlutverk að sjá um endurskoðun á lögum samtakanna á hverju ári og tryggja að þau séu í samræmi við starf samtakanna og að samtökin fari eftir lögnum í hvítvetna. Nefndin skal einnig endurskoða verklagsreglur samtakanna á hverju ári. Nefndin fundaði um 10 sinnum á þessu starfsári og lagði mikla vinnu í stórar breytingar á lögum og verklagi.

 Nefndarmeðlimir

Eygló María Björnsdóttir, varaformaður LÍS

Gauti Skúlason

Sigfríð Ellen Þorvaldsdóttir

Þórarinn Halldór Óðinsson

11 ÖNNUR VERKEFNI

11.1 Umsagnir, bréf og yfirlýsingar

11.1.1 Greinaskriftaáttak LÍS um undirfjármögnun háskólanna

Í ljósi tillögu að fjármálaætlun 2018-2022 þáverandi ríkisstjórnar efndu LÍS til greinaskriftaáttaks í apríl 2017 um undirfjármögnun háskólanna. Skömmu áður var haldinn NOM fundur í Reykjavík þar sem landssamtök stúdenta á Norðurlöndunum og Eyrstrasaltsríkjanna samþykktu einróma yfirlýsingu sem LÍS bar upp um undirfjármögnun íslenska háskóla. Var yfirlýsingin birt samhliða fyrstu grein áttaksins sem var frá nýkjörnum formanni LÍS og bar titilinn Byggjum á bjargi þar sem fjallað var um mikilvægi þess að háskólakerfið hér á landi væri byggt á traustum grunni enda væri undirfjármögnun háskólanna risavaxið vandamál sem hefði verið viðvarandi í of langan tíma.

Önnur grein áttaksins var frá Rögnu Sigurðardóttur, formanni SHÍ, sem bar titilinn Það er hægt og þriðja og síðasta greinin var frá Elsu Maríu Guðlaugs Drífudóttur og Söndru Rún Jónsdóttur, formanni NLHÍ sem bar titilinn Sníðum stakk til bóta.

Í viðhengi: Yfirlýsing um undirfjármögnun íslenskra háskóla

11.1.2 Umsögn um þingsályktunartillögu um húsnæðisvanda LHÍ

LÍS sendu inn umsögn við þingsályktunartillögu um húsnæðisvanda LHÍ, þar sem beðist var þess að húsnæðismál LHÍ yrðu sett í forgang. Var umsögnin skrifuð í kjölfar umræðna á landsþingi LÍS þar sem NLHÍ báðust eftir stuðningi frá aðildarfélögum LÍS í baráttu sinni fyrir bættu húsnæði. Mjög mikilvægt var að LÍS brugðust við í þessum máli, þar sem LHÍ stendur hvað höllustum fæti af öllum háskólunum á Íslandi þegar kemur að húsnæðisaðstöðu og því ábyrgðarmál fyrir LÍS að tala máli aðildarfélags síns. LHÍ á rétt á viðunandi húsnæði með aðstöðu sem hæfir því námi sem þar er kennt, sérstaklega í ljósi þess að hér er um að ræða eina listaháskóla landsins.

Í viðhengi: Umsögn um þingsályktunartillögu um húsnæðisvanda LHÍ

11.1.3 Umsögn um vinnslutillögu Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) um Borgarlínu

LÍS sendu frá sér umsögn þar sem þau fögnuðu áformum SSH um fyrirhugaða Borgarlínu enda mikilvægt skref fyrir stúdenta á höfuðborgarsvæðinu sem og samfélagið í heild sinni. Það eru miklir hagsmunir fólgnir í bættum almenningssamgöngum fyrir stúdenta. Þá má sérstaklega nefna fjárhagslega hagsmuni í ljósi hratt hækkandi leiguverðs í nágrenni háskóla á höfuðborgarsvæðinu og þann kost að geta búið á stærra svæði innan viðkomandi byggðarlags en einungis hluti stúdenta hefur aðgang að stúdentaíbúðum. Þá var bent á mikilvægi þess að borgarlína yrði raunsær kostur fyrir stúdenta með tilliti til nálægðar við alla þrjá háskólana á höfuðborgarsvæðinu og að fargjald yrði á viðráðanlegu verði fyrir stúdenta.

Í viðhengi: Umsögn um vinnslutillögu SSH um Borgarlínu

11.1.4 Bréf BHM og LÍS um reglur um starfsnám á háskólastigi

Eins og kom fram að ofan var í samstarfi við BHM skrifað bréf til mennta- og menningarmálaráðuneytis þar sem krafist var þess að sett yrði samræmt regluverk um starfsnám á háskólastigi en skortur er á slíku í dag.

Í viðhengi: Bréf BHM og LÍS um reglur um starfsnám á háskólastigi

11.1.5 Opið bréf til flokka í stjórnarmyndunarviðræðum

Þann 19. nóvember 2017 sendi formaður LÍS bréf til þeirra þeirra flokka er stóðu í stjórnarmyndunarviðræðum þar sem ítrekaðar voru áherslur stúdenta í aðdraganda Alþingiskosninga þar sem flokkarnir unnu að gerð stjórnarsáttmála. Í aðdraganda kosninga tóku allir flokkar undir að bæta þyrfti margviðandi kjör stúdenta og var því óskað eftir að því yrði fylgt eftir í verki. Þegar ekki barst svar við bréfinu var sent ítrekunarbref en í kjölfar þess hafði Lilja Alfreðsdóttir, sem síðar tók við embætti mennta- og menningarmálaráðherra, samband og óskaði eftir fulltrúum á fund.



Í viðhengi: Opið bréf til flokka í stjórnarmyndunarviðræðum, útrekunarbréf

11.1.6 Yfirlýsingar á stjórnarfundum ESU vegna hýsingar 73. stjórnarfundar í Ísrael.

Stjórnarfundir ESU eru haldnir tvisvar á ári og skiptast aðildarfélög á við að bjóða sig fram til þess að hýsa fundina. Eru kosningar haldnar á hverjum stjórnarfundum, þar sem staðsetning þarnaesta fundar er ákvörðuð. Var það því á 71. stjórnarfundum í Gdansk, Póllandi, sem kosið var um staðsetningu þessa fundar. Það var skýr afstaða LÍS að ekki væri viðeigandi að halda viðburð á vegum ESU í Ísrael, m.a. þar sem með því væri ESU að brjóta á mannréttindastefnu sinni, og kusu fulltrúar LÍS því gegn ákvörðuninni. Engu að síður fór atkvæðagreiðsla með því að fundurinn yrði haldinn í Ísrael.

Fylgdu fulltrúar LÍS atkvæði sínu eftir með því að fara með yfirlýsingu á næsta stjórnarfundum, sem haldinn var í Möltu í maí. Í yfirlýsingunni undirstrika LÍS það vandamál sem fylgir því að fundur á vegum ESU sé haldinn í Ísrael, sem og hvaða öðrum stað þar sem hætta er á að stefnum og gildum ESU sé ekki stætt. Þrátt fyrir mótmæli LÍS var ákvörðunin óafturkræf, og fundurinn skyldi haldinn í Jerúsalem af NUIS. Eftir þessa atburðarás veltu LÍS fyrir sér hvort það væri best að sækja fundinn, eða hvort betra væri að sleppa því að fara. Eftir langan umhugsunartíma og eftir að hafa rætt saman innan LÍS, við aðila innan ESU og annarra landssamtaka var sú ákvörðun tekin að LÍS myndi senda fulltrúa á stjórnarfundinn. Erfitt er að missa af heilum stjórnarfundum þar sem margar mikilvægar ákvarðanir eru teknar, og var það trú LÍS að sterkari leikur væri fólgin í því að koma skilaboðum og skoðunum LÍS á framfæri í persónu.

Á fundinum flutti því Aldís Mjöll Geirsdóttir yfirlýsingu fyrir hönd LÍS, sem varðaði þá staðreynd að fundurinn var haldinn í Ísrael, vandkvæði þess og alls ákvörðunarferlisins því að baki. Líkt og hefur verið sagt, þá er það mat LÍS að með því að halda stjórnarfundinn í Ísrael þá var ESU að brjóta eigin mannréttindastefnu. Sú staðreynd út af fyrir sig er grafalvarleg en einnig er það ekki ásættanlegt að samtök á borð við ESU gangi í gegnum allt það ferli sem nauðsynlegt er til að setja stefnur til þess eins og fara síðan gegn þeim. Auk þess er það mat LÍS að vandinn liggur að hluta til í því að ekki eru til staðar varaáætlanir um hvað skal gert ef til þess kemur að kosið er gegn því að stjórnarfundur sé haldinn á ákveðnum stað. Það er alvarleg staða fyrir ESU ef til þess kemur að ekkert félag býðst til þess að halda mikilvægasta viðburð allrar starfsemi samtakanna.

Í viðhengi: Yfirlýsing um hýsingu stjórnarfundar ESU

11.1.7 Opið bréf til mennta- og menningarmálaráðherra

Formaður LÍS sendi mennta- og menningarmálaráðherra opið bréf skömmu eftir að ráðherra tók til starfa. Tilgangur bréfsins var að minna á áherslur stúdenta í aðdraganda Alþingiskosninga og að haft yrði gott og raunverulegt samráð við stúdenta þegar unnið yrði að málefnum sem þá varða. Þá var einnig fjallað um brýna þörf fyrir því að hér á landi sé mörkuð heildstæð menntastefna þar sem settur er skýr rammi um starfsemi menntakerfis landsins en einnig tekið til atvika er varða stuðning við stúdenta. Í lok bréfsins var tekið fram að fulltrúar LÍS væru ávallt reiðubúnir til þess að ræða málefni stúdenta óski ráðherra þess. Í kjölfar bréfsins hafði aðstoðarmaður ráðherra samband við formann LÍS en hann greindi frá því að ráðherra hefði áhuga að hitta fulltrúa LÍS í upphafi nýs árs. Formlegur fundur með ráðherra, ráðuneytisstjóra, sérfræðingum og lögfræðing úr mennta- og menningarmálaráðuneyti og nýjum formanni stjórnar LÍN var haldinn 28. febrúar 2018.

Í viðhengi: Opið bréf til mennta- og menningarmálaráðherra, 18. desember 2017

11.1.8 Nýárs pistill formanns

Í lok janúar 2018 skrifaði formaður LÍS síðkominn nýárs pistil sem bar heitið *Bætt kjör stúdenta strax* en þar líkti hún nýrri ríkisstjórn með nýjan stjórn málasáttmála saman við það hvernig einhverjir með nýstrengd áramótaheit horfa við nýju ári. En í stjórnarsáttmálanum var boðað til stórsóknar í menntamálum. Þá kemur einnig fram í honum að jafnt aðgengi að námi óháð búsetu og öðrum aðstæðum sé meginmarkmið og að eigi í endurskoðun á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna (LÍN).

Formaður LÍS kallaði eftir því að ríkisstjórn grípi til aðgerða strax enda um umfangsmikil verkefni að ræða sem þola ekki lengri bið. Íslenskir stúdentar búa við skammarlega léleg kjör og hafa gert alltof lengi. Það er kominn tími á að yfirvöld sýni vilja í verki og bæti kjör stúdenta strax.

Í viðhengi: Síðkominn nýárs pistill – bætt kjör stúdenta strax



11.1.9 Áherslur LÍS vegna breytinga á Lánasjóði íslenskra námsmanna

Eins og fjallað var um að ofan var haldið LÍN-þing í upphafi árs. Út frá því sem rætt var á þinginu voru áherslur LÍS skrifaðar vegna breytinga á LÍN. Áður en þær voru bornar upp til samþykktar fengu öll aðildarfélög færi á að koma með breytingartillögur en að lokum var kosið á fundi framkvæmdastjórnar LÍS.

Umfjöllun er tvískipt en í fyrsta lagi er fjallað um atriði er varða breytingar á lögum nr. 21/1992 og í öðru lagi eru úthlutunarreglur LÍN teknar fyrir. Áherslurnar voru ákall um breytingar, meðal annars til þess fallandi að efla jöfnunarhlutverk sjóðsins með ríku samráði við stúdenta en LÍS kröfðust einnig þess að skipaðir yrðu að minnsta kosti tveir fulltrúar stúdenta í endurskoðunarhópinn. LÍN er til fyrir tilstilli stúdenta og því gríðarlega mikilvægt að rödd þeirra sé sterk við endurskoðun og almenna stjórnun sjóðsins.

Allt ferlið tókst með eindæmum vel og hefur sameiginlegur frontur stúdenta í formi áherslanna komið sér vel þegar málefni lánasjóðsins eru rædd, hvort sem það er við stjórn málaflökka eða mennta- og menningarmálaráðherra. Þá var um að ræða ákveðin tímamót í sögu samtakanna en LÍS hafa aldrei ályktað um LÍN fyrir en nú.

Í viðhengi: Áherslur LÍS vegna breytinga á Lánasjóði íslenskra námsmanna

11.2 Herferð #kjóstumenntun

Þegar ríkisstjórnin féll í september 2017 og það lá fyrir að kosningar yrðu í október var ákveðið að fara í sameiginlegt átak með öllum aðildarfélögum LÍS undir myllumerkinu #kjóstumenntun. Stuttu áður en ríkisstjórnin féll hafði SHÍ byrjað átak í tengslum við ný fjárlög og bága fjárhagsstöðu háskólanna. Það var því mögulegt að samnýta efni sem þau höfðu þegar unnið sem reyndist mjög vel í ljósi þess að stuttur tími var til stefnu.

Haldnir voru nokkrir fundir meðal LÍS og stjórna aðildarfélagana þar sem áætlun fyrir átakið var mynduð. Ákveðið var að hefja greinaskriftaáttak en SHÍ hafði þegar margar margar tilbúnar greinar fyrir fyrnefnt átak þeirra sem áttu vel við #kjóstumenntun. Markmið átaksins var að vekja athygli á menntamálum og berjast fyrir auknum stuðningi við stúdenta.

Aðildarfélög sendu frá sér grein, en sum sendu mun fleiri en eina, þar sem mikilvægi tilvistar og sérstöðu hvers skóla fyrir sig kom fram og þar með nauðsyn þess að auka fjárframlag til allra

þeirra. Átakið hófst þremur vikum fyrir kjördag og lauk með að kjósendur voru hvattir til að láta sig menntamál varða og kjósa flokk er legði áherslu á málaflokkinn. Greinaskriftaátakið vakti töluverða athygli á samfélagsmiðlum og bar vott um hve mikil áhrif sameinuð rödd stúdenta getur haft.



Haldnir voru tveir opnir fundir með frambjóðendum til Alþingis en annar var á Akureyri en hinn í Reykjavík. Fulltrúum allra flokkanna var boðið og var góð mæting í bæði skiptin. Fyrri fundurinn var haldinn í Háskólanum á Akureyri

en síðari í Háskóla Íslands. Það mynduðust líflegar umræður enda stúdentar áhugasamir og báru upp margar spurningar. Stútfullur salur var af fólki og fengu mun færri sæti en vildu. Voru allir frambjóðendur sammála um að bæta þyrfti fjárhag háskólanna sem og stuðningskerfi stúdenta en LÍN var mikið ræddur.

NLHÍ hélt í samstarfi við #kjóstumenntun, gjörningakvöldið; *Eitt þak, Takk!* Með kassamerkið #undireinupaki2022. Þema gjörningakvöldsins voru húsnæðismál LHÍ og var staðsetning þess við Sölvhólgötu, enda sviðslistadeild enn þar til húsa þegar þetta er skrifað, þótt húsnæðið hafi verið dæmt heilsuspillandi vegna myglusvepps. Árið 2022 fellur húsnæðissamningur tónlistardeildar úr gildi og þarf deildin því nýjan samastað. Því er eitt helsta baráttumál LHÍ og NLHÍ að fundið verði sameiginlegt húsnæði fyrir allar deildir. Gjörningakvöldið tókst mjög vel til en þátttaka nemenda, þá aðallega myndlistarnema og sviðslistarnema, var metnaðarfull.

Á meðan öllu þessu stóð voru áherslur stúdenta fyrir kosningarnar afhentar og vel kynntar öllum stjórnsmálaflokkum. Áherslunum var skipt eftir málefnum og voru þau: lánasjóðsmál, almenningssamgöngur, réttindi erlendra nemenda, geðheilbrigðismál, húsnæðismál og fjármögnun háskólastigsins.

Áherslur stúdenta fyrir Alþingiskosningar 2017:

<p>Lánasjóðsmál</p> <ul style="list-style-type: none"> • Heildarendurskoðun á lögum LÍN þarf að fara fram með aðkomu stúdenta og annarra hagsmunaaðila. • Gera þarf umtalsverðar umbætur á úthlutunarreglum LÍN í takt við þarfir stúdenta, hvort sem þeir nema hérlandis eða erlendis. 	<p>Réttindi erlendra nemenda</p> <ul style="list-style-type: none"> • Gæta þarf þess að nemendur af erlendum uppruna búi við raumverulegt jafnrétti til náms á Íslandi. • Sjá þarf til þess að flóttamenn eigi rétt á námi við íslenska háskóla og jafnframt stuðningi frá LÍN. 	<p>Geðheilbrigðismál</p> <ul style="list-style-type: none"> • Sálfræðingar eiga að vera í öllum háskólum landsins. • Sálfræðipjónusta á að vera jafn aðgengileg og önnur heilbrigðisþjónusta á Íslandi.
<p>Almenningssamgöngur</p> <ul style="list-style-type: none"> • Tryggja þarf ódýrar og raunhæfar almenningssamgöngur fyrir stúdenta. • Umhverfis- og hagkvæmnisjónarmið búa að bakí því að efla almenningssamgöngur auk þess sem þær gera búsetuúrræði fær skóla og vinnu að raunhæfum kosti. 	<p>Bætt fjármögnun háskólastigsins</p> <ul style="list-style-type: none"> • Auka þarf þjónustu við nemendur, svo sem með aukinni náms- og starfsráðgjöf, fjölgun sálfræðinga í íslenskum háskólum og annarri stoðþjónustu. • Tryggja þarf gæði náms við íslenska háskóla. • Ná þarf meðaltali OECD og svo Norðurlandanna í framlögum til háskóla á hvern nemanda án þess að fækka nemendum – viljum viðhalda menntunartígi þjóðarinnar. 	<p>Húsnæðismál</p> <ul style="list-style-type: none"> • Mikill skortur er á framboði á húsnæði fyrir stúdenta. • Tryggja þarf nægt framboð á húsnæði fyrir stúdenta á landinu öllu. • Byggja þarf upp fjölbreytt og raunhæf búsetuúrræði fyrir þá sem eru að stíga sín fyrstu skref á húsnæðismarkaði eftir nám.

Þessu var framfylgt með því að formaður LÍS sendi opið bréf til þeirra flokka er stóðu í stjórnarmyndunarviðræðum, og nú mynda ríkisstjórn, en auk þess var sent ítrekunarbréf þegar



ekki barst svar. Í kjölfar þess hafði Lilja Alfreðsdóttir, sem síðar tók við embætti mennta- og menningarmálaráðherra, samband og óskaði eftir fulltrúum á fund. Á þeim fundi voru áherslur stúdentanna ítrekaðar en lögð var áhersla á að fjallað yrði um þær og málefni stúdentanna í nýjum stjórnarsáttmála.

Rétt fyrir kosningadag komu LÍS í samstarfi við SHÍ að framkvæmd Kókunnar sem Vakan sá um en þar var frambjóðendum boðið í kaffisþjall þar sem allir sem höfðu áhuga fengu færi á að spjalla við frambjóðendur og spyrja þá spjörunum úr.

Átakið í heild sinni vakti athygli, umræða um menntamál var mun meira áberandi í aðdraganda kosninga en áður og náði til stjórnvalda. Það er magnað hvað við áorkum miklu þegar við stöndum saman í baráttunni fyrir bættum kjörum stúdentanna enda er sameinuð rödd stúdentanna beittasti hnífurinn í skúffunni.

Í viðhengi: Áherslur stúdentanna fyrir Alþingiskosningar 2017, opið bréf til flokka í ríkisstjórnarviðræðum og ítrekunarbréf.

11.3 Samtal við stjórnsmálaflokka

Menntanefnd Viðreisnar óskaði eftir fundi með formanni LÍS og formanni SHÍ þar sem farið var yfir helstu málefni stúdentanna þann 19. febrúar 2018. Helst voru rædd lánasjóðs- og húsnæðismál stúdentanna en auk þess var ítrekuð þörfin fyrir heildstæðri menntastefnu og tölfræðiupplýsingum. Þá fengu þau sem sátu fundinn ýmis gögn afhend en meðal þeirra voru áherslur LÍS vegna breytinga á LÍN og stefnu LÍS um alþjóðavæðingu.

Þá óskaði Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar eftir fundi með LÍS sem formaður og gæðastjóri LÍS sóttu þann 27. febrúar 2018. Umræðuefni fundarins voru af svipuðum toga og þau sem rædd voru á fundi með menntanefndinni viku áður.

Á landsfundi Samfylkingarinnar þann 2. mars 2018 var formaður LÍS með brýningu um málefni stúdentanna og að mikilvægt væri að bæta kjör stúdentanna enda hafa stúdentar setið eftir þegar að það kemur að kjörum þeirra.

Það er mikilvægt að tala máli stúdentanna á öllum vettvöngum stjórnsmálanna en LÍS hyggjast hafa samband við hina stjórnsmálaflokka landsins og bjóða þeim að koma á fund ef áhugi er fyrir slíku.

11.4 Þátttaka í pallborðum og málþingum

Aldís Mjöll Geirsdóttir, formaður LÍS tók þátt í pallborðsumræðum um kjör ungs fólks sem haldið var af Hallveigu, samtökum ungra jafnaðarmanna í Reykjavík í samstarfi við Politica, félag stjórnmálafræðinema þann 10. apríl 2017 á Stúdentakjallaranum. Ásamt formanni LÍS voru fulltrúar frá VR, SA, ASÍ og Samfylkingunni en Mikael Torfason var fundarstjóri.

Þann 10. maí 2017 var málfundur sem bar heitið *Uppþornun Viskubrunnsins: Hvar endar fjársveldi háskólanna?* sem haldið var á vegum ungliðahreyfinga Framsóknarflokksins, Pírata, Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Vinstri grænna og Bjartrar Framtíðar um framtíðarsýn háskólastigsins á KEX hostel. Frú Vigdís Finnbogadóttir opnaði fundinn en framsögur fluttu Jón Atli Benediktsson, rektor HÍ, Ari Kristinn Jónsson, rektor HR og Ragna Sigurðardóttir, formaður SHÍ. Aldís Mjöll Geirsdóttir, formaður LÍS tók þátt í pallborðsumræðum ásamt Áslaugu Örmu Sigurbjörnsdóttur, þáverandi formanni



allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, Steinunni Gestsdóttur, fulltrúa í Vísinda- og tækniráði, Steinunni Knútsdóttur, deildarstjóra sviðslistardeildar Listaháskóla Íslands og Guðrúnar Hafsteinsdóttur, formanni stjórnar SI.

Málþing sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs HÍ um geðheilsu og úrræði háskólanemenda á Íslandi var haldið 18. janúar 2018 á Litla Torgi í Háskóla Íslands en Aldís Mjöll Geirsdóttir, formaður LÍS tók þátt í pallborðsumræðum. Ásamt henni tóku Bjarni Halldór Janusson, Stúdentaráðsliði, Gunnar Hrafn Birgisson, forstöðumaður Sálfræðiráðgjafar háskólanema, Ragna Sigurðardóttir, formaður SHÍ og Katrín Sverrisdóttir, starfandi sálfræðingur við Háskóla Íslands, þátt. En fundarstjóri var Elísabet Brynjarsdóttir, formaður sviðsráðsins.

12 FJÁRMÁL

12.1 Fjármálanefnd

Fjármálanefnd hefur það hlutverk að halda utan um fjármál, bókhald og fjármögnun samtakanna. Nefndin hittist fjórum sinnum á starfsárinu og þ.m.t. tvisvar í fjarfundabúnaði. Nefndin var ekki mjög virk á árinu enda fá verkefni sem bárust henni. Gauti Skúlason, fjáröflunarstjóri, var fjarverandi í þrjá mánuði og tók Teitur Erlingsson að sér stöðuna í fjarveru hans. Nefndin sá um að sækja um styrki fyrir ýmis verkefni.

12.1.1 Nefndarmeðlimir

Eygló María Björnsdóttir, formaður

Gauti Skúlason, fjáröflunarstjóri

Teitur Erlingsson

Björn Auðunn Ólafsson

Ásthildur Jóna Guðmundsdóttir

Gunnar Úlfarsson

12.2 Umsókn um styrk hjá Evrópu unga fólksins (EUF)

Sótt var um styrk hjá Evrópu Unga fólksins fyrir Landsþing 2017 á síðasta starfsári úr sjóðnum „Fundir ungs fólks og ráðamanna“. Umsókninni var því miður hafnað og var ákveðið að sækja um aftur þetta árið.

Ákveðið var að sækja um í sama sjóð og frá fyrra ári og leggja meiri áherslu á þá fræðslu og stefnumótunarvinnu sem raunverulega fer fram á landsþingum en umsókninni frá fyrra ári var hafnað vegna of mikillar áherslu á hefðbundin þingstörf landsþingsins. Umsóknin var unnin af Aldísi Mjöll Geirsdóttur, formanni LÍS, í samvinnu við fjármálastjóra, Eygló Maríu



Björnsdóttur og alþjóðaforseta, Elsu Maríu Guðlaugs Drífudóttur. Þema þingsins bar heitið „Jafnrétti til náms” við skil umsóknarinnar og var þá komin grunnur að dagskrá landsþingsins.

Við gerð umsóknarinnar var lögð mikil áhersla á þar kæmu fram skýr efnistöð og ríkar ástæður þess að landsþingið er samkoma þar sem samtal á sér stað milli stúdenta og aðila í áhrifastöðum innan menntakerfisins á Íslandi. Þetta skilaði því að umsóknin var samþykkt og fengu samtökin styrk að upphæð 1.950.000kr. Sú vinna sem fór í gerð umsóknarinnar skilaði sér þegar kom að skipulagningu og uppsetningu landsþingsins en dagskráin hélst nánast óbreytt frá umsókn og auðveldaði þar með alla skipulagningu.

13 Ársreikningur

Rekstrarreikningur 2017-2018

Rekstrartekjur	2017-18	Sk.	2016-17	2015-16
Árgjöld	1.040.000kr.	1	1.040.000kr.	1.040.000kr.
Framlög og styrkir	9.206.128kr.	2	2.000.000kr.	3.062.130kr.
Aðrar tekjur	221.996kr.	3	78.824kr.	43.893kr.
samtals	<u>10.468.124kr.</u>		<u>3.118.824kr.</u>	<u>4.146.023kr.</u>
Rekstrarkostnaður				
Laun og launatengd gjöld	-2.153.536kr.	4		
Húsnæði				
Sér Verkefni	-1.427.731kr.	5		
Fundir og ráðstefnur erlendis	-3.509.790kr.	6	-902.695kr.	-2.380.007kr.
Fundir og ráðstefnur innanlands	-521.970kr.	7	-277.989kr.	-928.611kr.
Félagsgjöld ESU	-39.568kr.		0kr.	-42.366kr.
Annar rekstrarkostnaður	-428.321kr.	8	-96.263kr.	-37.733kr.
trarkostnaður samtals	<u>-8.080.916kr.</u>		<u>-1.276.947kr.</u>	<u>-3.388.717kr.</u>
<u>Hagnaður (tap) án fjármagnsliða</u>	2.387.208kr.		1.841.877kr.	757.306kr.
Fjármagnstekjur og (fjármagnsgjöld)				
Vaxtatekjur og verðbætur	13.099kr.	9	7.050kr.	5.571kr.
Vaxtagjöld og verðbætur	-2.620kr.	10	-1.409kr.	-1.113kr.
fjármagnsliðir samtals	<u>10.479kr.</u>		<u>5.641kr.</u>	<u>4.458kr.</u>
<u>Hagnaður (tap) af reglulegri starfsei</u>	2.397.687kr.		1.847.518kr.	761.764kr.
<u>Hagnaður (tap) ársins</u>	2.397.687kr.		1.847.518kr.	761.764kr.



Efnahagsreikningur 2017-2018

	2017-18	Sk.	2016-17	2015-16
Eignir				
Fastafjármunir				
Varanlegir rekstrarfjármunir				
Áhættufjármunir og langtímakröfur				
Veltufjármunir				
Fyrirframgreiddur kostnaður	149.026kr.	11	961.001kr.	
Viðskiptakröfur			520.000kr.	1.036.472kr.
Innstæður á kreditkortum	54.522kr.		13.569kr.	13.356kr.
Bankainnstæður	6.915.196kr.		3.431.604kr.	257.849kr.
Veltufjármunir samtals	<u>7.118.744kr.</u>		<u>4.926.174kr.</u>	<u>1.427.881kr.</u>
Eignir samtals	<u>7.118.744kr.</u>		<u>4.926.174kr.</u>	<u>1.427.881kr.</u>
Skuldir og eigið fé				
Eigið fé				
Óráðstafað eigið fé 1.1.	3.204.805kr.		1.357.287kr.	595.523kr.
Hagnaður (tap) ársins	<u>2.397.687kr.</u>		<u>1.847.518kr.</u>	<u>761.764kr.</u>
Eigið fé alls	<u>5.602.492kr.</u>		<u>3.204.805kr.</u>	<u>1.357.287kr.</u>
Langtímaskuldir				
Skammtímaskuldir				
Viðskiptaskuldir				
Fyrirfram innheimtar tekjur	1.516.252kr.	12	1.721.369kr.	
Skammtímaskuldir (ógreiddur kostnaður)				70.594kr.
Skammtímaskuldir alls				70.594kr.
Skuldir og eigið fé samtals	<u>7.118.744kr.</u>		<u>4.926.174kr.</u>	<u>1.427.881kr.</u>